



RÉTTUR ALMENNINGS TIL OPINS ÞINGHALDS

Þór Jónsson

2015

BA í lögfræði

Höfundur: Þór Jónsson

Kennitala: 150864-2759

Leiðbeinandi: Jón H. B. Snorrason

Lagadeild

School of Law

*„Justice is not a cloistered virtue: she must be allowed to suffer the scrutiny
and the respectful even though outspoken comments of ordinary men.“⁴¹*

Lord Atkin (1867 – 1944)

ÚTDRÁTTUR

Heiti þessarar BA-ritgerðar, „Réttur almennings til opins þinghalds“, skýrir hvert meginefni hennar er, þ.e. grundvallarreglan um opinbera málsmeðferð, einkum sá þáttur hennar sem lýtur að dómþingum í heyranda hljóði. Ritgerðin fjallar um hver sé lögvarinn réttur almennings til að fylgjast með þinghöldum í dómsmálum, við hvaða sjónarmið og réttarheimildir sá réttur styðst og ekki síst hvaða heimildir hann kann að veita viðkomandi með tilliti til dómaframkvæmdar. Einnig er spurt hvort allur almenningur hafi sömu réttarstöðu í þessu efni og hvað skýri hugsanlegan mismun. Byggt er á lagatextum og lögskýringargögnum, alþjóðlegum sáttmálum og dómafordæmum íslenskum og erlendum, svo sem frá Mannréttindadómstóli Evrópu, og síðast en ekki síst sögulegum grunni. Dómar Hæstaréttar um kærur vegna lokunar þinghalda eru bornir saman og ályktanir dregnar af þeim. Niðurstöðukaflinn snýst í aðalatriðum um að meginreglan um opið dómþing styðjist við fleiri sjónarmið en réttaröryggissjónarmiðið eitt, sem mest fer fyrir í fræðilegri umræðu, og að hún standi traustum fótum í réttarframkvæmd þótt sótt sé að henni vegna sífellt háværar krafna um aukna einkalífsvernd. Meginreglan sé ekki fortakslaus og verði að gæta að því að undanþágur frá henni verði ekki slíkar, til dæmis vegna þess hvað dómssvaldið hér á landi þykir eiga mikið traust skilið, að það setji þróunarríkjum eða harðstjórnarríkjum slæmt fordæmi. Líta verði til aðstæðna víða um lönd þegar metið er að hve miklu leyti leyfa skuli frávik frá viðurkenndum sjónarmiðum um mannréttindi. Heimildir almennings til að krefjast úrskurðar dómstóls um lokað þinghald og kæra hann til Hæstaréttar voru sérstaklega skoðaðar í ritgerðinni en þær takmarkast af ólögfestri meginreglu um lögvarða hagsmuni af úrlausn máls. Í því efni njóta fjölmiðlamenn sérstöðu því að þeir gegna hlutverki milligöngumanna milli almennings og dómstóla. Af þeim sökum teljast fjölmiðlamenn hafa meiri rétt en almennir borgarar til að skjóta úrskurði um lokun þinghalds til æðra dóms.

ABSTRACT

The name of this BA dissertation, “The Public’s Right to a Public Hearing”, indicates its main theme: the principle of public proceedings. It discusses the legally protected right of the public to observe court hearings, the considerations and legal sources on which this right is based and the powers it conveys on the persons in question with respect to judicial decisions. The question is asked whether all members of the public have the same legal status in this respect and what explains any potential differences thereof. The dissertation is based on the text of legislation and preparatory works, international treaties, Icelandic and foreign case law, including from the European Court of Human Rights, and the historical foundation. Supreme Court judgments on complaints regarding closed hearings are compared and conclusions drawn from these. The key findings are that the principle of a public hearing (i) is not based solely on legal security and (ii) is firmly entrenched in judicial practice despite ever-louder demands for increased privacy protection. Whilst the principle is not absolute, any exemptions from it, e.g. due to a perceived high level of trust in the Icelandic judicial system, must not establish a poor precedent for developing or tyrannical countries. Account must be taken of conditions in different countries when determining the extent to which to permit departures from accepted human rights. The public’s right to require a court decision for a closed hearing and file complaints on such a decision to the Supreme Court was examined and found to be limited by an uncodified principle regarding legally protected interests at stake in the resolution of a case. Journalists have a unique status in this respect as intermediaries between the public and the courts; this affords journalists with additional rights to appeal a decision to close a hearing.

FORMÁLI

Ritgerð þessi til BA-prófs við lagadeild Háskólans í Reykjavík á sér í raun langan aðdraganda. Á næstum 25 ára blaða- og fréttamannsferli mínum flutti ég fréttir af ótal dómsmálum og hafði einatt sérstakan áhuga á réttarumhverfi fjölmiðlamanna, þ. á m. rétti þeirra til að taka við og miðla upplýsingum, tjáningarfrelsinu, heimildavernd og síðast en ekki síst opinberri málsmeðferð í dómstólum. Vorið 2000 flutti ég fréttir á Stöð 2 um manndráp og líkamsárás í Reykjanesbæ sem tengdust kynferðisbroti sama ofbeldismanns. Um haustið hugðist ég vera viðstaddur réttarhöld yfir honum í héraðsdómi Reykjaness í því skyni að segja af þeim fréttir. Dómsformaður í fjölskipuðum dómi tilkynnti þá að þinghaldi yrði lokað. Á leiðinni úr dómsal velti ég fyrir mér hvort talist gæti eðlilegt að reka manndrápsmál á bak við luktur dyr. Ég sneri mér því til dómarsins og spurði hver réttur minn væri og hvort ég ætti þess kost að fá ákvörðuninni snúið. Dómarinn taldi svo ekki vera, ég ætti engan slíkan rétt. Eigi að síður fór ég fram á það bréflaga með aðstoð föður míns, Jóns Einars Jakobssonar lögmanns, að fá úrskurð dómsins um lokað þinghald. Við þeirri kröfu var orðið, þrátt fyrir áðurnefnd viðskipti okkar dómarsins, og kærði ég þann úrskurð til Hæstaréttar. Þetta var nýmæli og þótti ekki augljóst að Hæstiréttur legði efnislegan dóm á málið. En það gerði hann. Í því fólst fordæmi dómsins og leiðbeining, þótt ekki féllist hann á kröfu mína.

Mörgum árum síðar, þegar ég hóf laganám í HR, kom mér þægilega á óvart að dómurinn væri kennsluefni í réttarfarstímum, meðal annars hjá leiðbeinanda mínum við þessa ritgerðarsmið, Jóni H. B. Snorrasyni saksóknara. Frá því að dómur þessi féll, sem nefndur hefur verið fréttamannsdómurinn, hefur reynt á nokkur eðlislík álitæfni fyrir Hæstarétti. Enn fremur vaknaði umræða um fordæmisgildi dómsins. Mér fannst því áhugavert að fjalla um efnið í þessari BA-ritgerð.

Auk leiðbeinanda míns vil ég þakka föður mínum fyrir aðstoð og leiðsögn og Ágústu Hjaltadóttur, sambýliskonu minni, fyrir stuðning hennar og þolinmæði. Einnig þakka ég Bjarka Karlssyni prófarkalestur og Jakobi Sindra, syni mínum, fyrir að létta undir með mér við endanlegan frágang. Að þeirra tilstuðlan og fleiri, sem ég mun þakka persónulega fyrir liðveisluna, er ritgerðin betri en hún ella hefði orðið. Verður þeim ekki kennt um neinar misfellur. Ég ber einn sök og óskoraða ábyrgð á verkinu.

Kópavogi, 14. maí 2015,

Þór Jónsson

EFNISYFIRLIT

DÓMASKRÁ	vi
LAGASKRÁ	vii
1. INNGANGUR.....	1
1.1. Almenn	1
1.2. Tilgangur og rannsóknarspurningar.....	1
1.3. Aðferð og afmörkun	2
2. ALMANNAHAGSMUNIR AF OPNU ÞINGHALDI	3
2.1. Grundvallarreglan um opinbera málsmeðferð	3
2.2. Sögulegir drættir	4
2.3. Markmið með opnu þinghaldi	7
2.4. Um undantekningar frá opnu þinghaldi	13
3. DÓMAFRAMKVÆMD.....	20
3.1. Almenn	20
3.2. Réttur til úrlausnar máls fyrir dómstólum	20
3.3. Krafa um úrskurð og kæra til Hæstaréttar	21
3.4. Hæstaréttardómar.....	23
3.4.1. Almenn.....	23
3.4.2. Fréttamannsdómur	24
3.4.3. Mansalsdómur.....	25
3.4.4. Vændiskaupadómar fyrri	26
3.4.5. Vændiskaupadómar síðari.....	28
3.4.6. Athugasemdir	29
4. SÉRSTAÐA FJÖLMIÐLAMANNA	32
5. NIÐURSTÖÐUR	36
VIÐAUKI.....	39
HEIMILDASKRÁ	41

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

- Dómur Hæstaréttar 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000
Dómur Hæstaréttar 7. júní 2001 í máli nr. 173/2001
Dómur Hæstaréttar 19. apríl 2002 í máli nr. 179/2002
Dómur Hæstaréttar 14. nóvember 2002 í máli nr. 458/2002
Dómur Hæstaréttar 3. desember 2003 í máli nr. 439/2003
Dómur Hæstaréttar 9. júní 2005 í máli nr. 20/2005
Dómur Hæstaréttar 18. janúar 2010 í máli nr. 32/2010
Dómur Hæstaréttar 18. júní 2010 í málum nr. 355–365/2010
Dómur Hæstaréttar 28. september 2010 í máli nr. 551/2010
Dómur Hæstaréttar 7. desember 2011 í máli nr. 648/2011
Dómur Hæstaréttar 24. maí 2012 í máli nr. 353/2012
Dómur Hæstaréttar 8. janúar 2014 í máli nr. 806/2013
Dómur Hæstaréttar 25. nóvember 2014 í máli nr. 749/2014
Dómur Hæstaréttar 1. desember 2014 í málum nr. 763–777/2014

Úrskurðir héraðsdóms:

- Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. desember 2010 í máli nr. S-986/2010
Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 2009 í máli nr. E-10160/2009

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

- Ashingdane g. The United Kingdom* App no. 8225/78 (ECtHR, 28. maí 1985)
Håkansson og Sturesson g. Sweden App no. 11855/85 (ECtHR, 21. febrúar 1990)
Werner g. Austria App no. 21835/93 (ECtHR, 24. nóvember 1997)
Canea Catholic Church g. Greece App no. 25528/94 (ECtHR, 16. desember 1997)
Riepan g. Austria App no. 35115/97 (ECtHR, 14. nóvember 2000)
Vides Aizsardzibas Klubs g. Latvia App no. 57829/00 (ECtHR, 27. maí 2004)
Morice g. France App no. 29369/10 (ECtHR, 23. apríl 2015)
Jersild g. Denmark App no. 15890/89 (ECtHR 23. september 1994)

Danskir dómar:

- U. 1978.76. HKK
U. 1988.848 HKK
U. 1987.200 ØLK

LAGASKRÁ

Lög:

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940
Barnalög, nr. 76/2003
Barnaverndarlög, nr. 80/2002
Lög um dómstóla, nr. 15/1998
Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989
Lög um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012
Hjúskaparlög, nr. 31/1993
Lögræðislög, nr. 71/1997
Lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994
Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991
Lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008
Stjórnarskipunarlög (mannréttindaákvæði), nr. 97/1995
Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944
Stjórnsýslulög, nr. 37/1993
Upplýsingalög, nr. 140/2012
Lög um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991
Lög um ættleiðingar, nr. 130/1999

Brottfallin lög:

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959
Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936
Lög um meðferð opinberra mála, nr. 27/1951

Þingskjöl, prentuð útgáfa:

Alþt. 1939–1940, A-deild, 212

Þingskjöl, vefútgáfa:

Alþt. 1948–1949, A-deild, þskj. 12 – 12. mál
Alþt. 1990–1991, A-deild, þskj. 101 – 98. mál
Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál
Alþt. 1995–1996, A-deild, þskj. 1131 – 245. mál
Alþt. 1998–1999, A-deild, þskj. 482 – 354. mál
Alþt. 2007–2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál
Alþt. 2014–2015, A-deild, þskj. 1049 – 605. mál

Alþjóðasamningar:

Evrópuráðið

Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu með síðari breytingum) (MSE)

Sameinuðu þjóðirnar

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi (ABSR) (samþykktur 16. desember 1966, tók gildi 23. mars 1976) UNGA nr. 2200 A(XXI)

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (samþykkt 10. desember 1948) UNGA nr. 217 A(III)

Yfirlýsing um réttindi og skyldur einstaklinga og þjóðfélagshópa sem vinna að eflingu og vernd mannréttinda (samþykkt 9. desember 1998, birt 8. mars 1999) UNGA nr. 53/144

1. INNGANGUR

1.1. Almenn

Ritgerð þessari er ætlað að fjalla um lögvarða hagsmuni almennings af því að dómþing sé háð í heyranda hljóði og hugsanlegan rétt sem af þeim hagsmunum leiðir. Með lögvörðum hagsmunum er átt við hagsmuni þess eðlis að það geti skipt máli fyrir stöðu viðkomandi að lögum að fá dóm um þá.¹

Efnisskipun er í meginráttum þessi: Í þessum fyrsta kafla er gerð grein fyrir rannsóknarspurningum og afmörkun efnisins. Annar kafla fjallar um kjarna málsins, grundvallarregluna um opinbera málsmeðferð. Hún, ein og sér, er – og hefur verið – efni í heila ritgerð en hér mun umfjöllunin einkum taka mið af þeim þætti hennar sem varðar rétt manna til að fylgjast með réttarhöldum þótt þeir séu ekki riðnir við málið sem er til úrlausnar. Í þriðja kafla verða reifaðir þeir Hæstaréttardómar sem helst koma til álita við greiningu á viðfangsefninu og rætt um hvort og hvenær sá sem hyggst fylgjast með þinghaldi á rétt til að krefjast úrlausnar dómstóla um ákvörðun um að loka þinghaldi. Í fjórða kafla verður ætluð sérstaða fjölmiðlamanna í þessu tilliti stuttlega tekin til skoðunar. Loks eru niðurstöður teknar saman í fimmta kafla og dregnar ályktanir af þeim í þeirri viðleitni að svara rannsóknarspurningunum.

1.2. Tilgangur og rannsóknarspurningar

Í ritgerðinni er í stuttu máli leitast við að lýsa í hverju fordæmi dóms Hæstaréttar (Hrd.) í máli nr. 407/2000 (fréttamansdóminum)² felst, en með honum var í fyrsta sinn fallist á að áheyrandi í dómsal, í því tilviki fréttamaður sem hugðist vera staddur við réttarhöld vegna starfs síns, gæti krafist úrskurðar héraðsdóms um lokað þinghald og kært þann úrskurð til Hæstaréttar. Í fáein skipti síðan hefur reynt á eðlislík álitaefni fyrir Hæstarétti og verður einnig byggt á dómum í þeim málum.

Rannsóknarspurningarnar snúast um 1) hver sé lögvarinn réttur almennings til að fylgjast með þinghöldum í dómsmálum, 2) við hvaða sjónarmið og réttarheimildir sá réttur styðst og ekki síst 3) hvaða heimildir hann kann að veita viðkomandi með tilliti til dómaframkvæmdar.

¹ Sbr. Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan CODEX: Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 271.

² Hrd. 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000.

Einnig er spurt 4) hvort allur almenningur hafi sömu réttarstöðu í þessu efni og 5) hvað skýri hugsanlegan mismun.

1.3. Aðferð og afmörkun

Stefnt er að því að skýra með hefðbundinni lagalegri aðferð hvaða réttarreglur gilda hér á landi um viðfangsefnið og hver sé gildur réttur, *lex lata*. Er meðal annars um að ræða athugun á stjórnarskrárákvæðum og lagatextum, alþjóðlegum sáttmálum, dómum, greinargerðum með frumvörpum til laga auk fræðirita og -greina. Í ritgerðinni verður jafnframt litið til réttarfars í öðrum löndum þegar við á.

Efnið takmarkast að mestu við réttarstöðu almennings, þ. á m. blaða- og fréttamanna, þ.e. þess manns sem er hvorki brotþoli né á aðild að sjálfu sakarefninu sem er til úrlausnar hjá dómstólunum hverju sinni. Er aðallega byggt á dómum Hæstaréttar í málum **nr. 407/2000** (áður nefndum fréttamansdómi), **nr. 32/2010** (mansaldómi),³ **nr. 355–365/2010** (vændiskaupadómum fyrri)⁴ og **nr. 763–777/2014** (vændiskaupadómum síðari),⁵ sem allir varða lögvarða hagsmuni almennings af úrskurði héraðsdóms um lokun þinghalds og eftir atvikum dómi Hæstaréttar um réttmæti úrskurðarins. Vísað er til héraðsdóma í þessu efni þegar tilefni er til og þeir geta orðið til skýringar. Hvorki er fyrirhugað né gefst ráðrúm til þess hér að taka til sérstakrar umfjöllunar aðgang almennings að upplýsingum um dómsmál hvað varðar annað en viðveru í dómsal, svo sem aðgang að málsgögnum og birtingu dóma.

Ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 (stjskr.), um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði og að öllum beri réttur til úrlausnar dómstóls um réttindi sín og skyldur eru grunnreglur sem efni ritgerðarinnar snýst í meginatriðum um. Beiting undantekningarreglna frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð fyrir dómi kemur til athugunar í því augnamiði að lýsa takmörkum almannaréttarins og enn fremur hin ólögfasta meginregla um lögvarða hagsmuni sem getur staðið í vegi fyrir því að mál verði borið undir dómstóla.

³ Hrd. 18. janúar 2010 í máli nr. 32/2010.

⁴ Hrd. 18. júní 2010 í málum nr. 355–365/2010.

⁵ Hrd. 1. desember 2014 í málum nr. 763–777/2014.

2. ALMANNAHAGSMUNIR AF OPNU ÞINGHALDI

2.1. Grundvallarreglan um opinbera málsmeðferð

Opinber málsmeðferð er sem fyrr segir undirstöðuregla í réttarfarslöggjöf hér á landi⁶ og eitt af einkennum réttarríkis⁷. Henni er ætlað að stuðla að réttlátri málsmeðferð.

Í 1. mgr. 70. gr. stjkskr., sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, segir:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sem er á því að meginreglu til rétt á að vera við þinghald, hvort sem hann er viðriðinn mál eða ekki, og fylgjast með því sem þar fer fram.⁸ Tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjkskr., verndar auk þess rétt hans til að skýra opinberlega frá því sem hann fær vitneskju um.⁹ Aðgangur almennings að réttarhöldum er því bæði beinn og óbeinn og veit síðarnefnda hugtakið að frásagnar- eða frétttaheimildinni.¹⁰

Reglan um opinbera málsmeðferð á sér enn fremur stoð í 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE)¹¹ og 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (ABSR),¹² auk þess sem hún er staðfest í 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml./sakamálalög) og 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml./einkamálalög). Þá segir í 10. gr. Mannréttindayfirlýsingar SP (Sameinuðu þjóðanna) að þegn skuli til jafns við aðra menn njóta réttlátrar opinberrar rannsóknar (e. *fair and public hearing*) fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.¹³

⁶ Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál, athugasemdir við 8. gr., mgr. 1.

⁷ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfljótur 189, 191–192.

⁸ Eiríkur Tómasson, „Réttur manna til að vera viðstaddur þinghöld er ekki afdráttarlaus“ (2010) 63 (2) Úlfljótur 187, 187.

⁹ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfljótur, 189, 189–190.

¹⁰ Páll Sigurðsson, *Fjölmíðlaréttur* (Háskólaútgáfan 1997) 360.

¹¹ Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu með síðari breytingum), sbr. lög nr. 62/1994.

¹² Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (samþykktur 16. desember 1966, tók gildi 23. mars 1976) UNGA nr. 2200 A(XXI), sbr. Stjtíð. C, 10/1979.

¹³ Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (samþykkt 10. desember 1948) UNGA nr. 217 A(III).

Eins og 70. gr. stjkskr. ber með sér er reglan um opinber dómþing ekki fortakslaus en undantekningarnar verða að styðjast við lög. Undantekningarákvæði ber jafnan að túlka þröngt og samkvæmt réttarframkvæmd ekki rýmra en leiðir af orðanna hljóðan.¹⁴

Reglan um opinbera málsmeðferð helst af augljósum ástæðum í hendur við regluna um munnlega málsmeðferð.¹⁵ Enn fremur er hún studd 3. mgr. 115. gr. og 3. mgr. 165. gr. eml. auk 3. mgr. 209. gr. sml. um að dómur skuli kveðinn upp í heyranda hljóði. Leiðir það einnig af 1. mgr. 10. gr. sml. um opinber þinghöld, sbr. 3. ml. 1. mgr. 6. gr. MSE sem hefur verið lögfestur hér á landi.

2.2. Sögulegir drættir

Á miðöldum var réttað í málum fyrir opnum tjöldum og dómar kveðnir upp í heyranda hljóði. Árið 930 var alþing háð í fyrsta sinn og Úlfjótsslög samþykkt en þar með var stofnað allsherjarþing með dómsvaldi og löggjafarvaldi fyrir landið allt.¹⁶ Ýmsir voru skyldir til þingreiðar, svo sem goðar allir og lögsögumaður, en yfirleitt var öllum mönnum heimilt að sækja þing, svo fremi þeir væru ekki skógarmenn eða fjörbaugsmenn.¹⁷

Jafnvel þótt opinber málsmeðferð byggist á ævagamalla hefð verður því varla haldið fram að hún hafði stuðst við allar sömu forsendur í öndverðu og hún gerir nú á dögum. Á þingi til forna réði oft valdið meiru en rétturinn.¹⁸ Er nær að segja að opinber málsmeðferð á þingum til forna hafi orðið til af nauðsyn. Þing voru almennt háð undir berum himni.¹⁹ Þegar af þeirri ástæðu hefði verið vandkvæðum bundið að útiloka fólk frá þátttöku í þeim. Ritöld var heldur ekki runninn upp svo að almúginn varð að tileinka sér lög og rétt af munni þeirra er sögðu lög og kváðu upp dóma. Þetta breyttist þegar ritlistin ruddi sér til rúms²⁰ og þá a.m.k. slitnaði þráðurinn milli opinberra dómþinga á þjóðveldisöld og nú á tímum.

¹⁴ Róbert R. Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Bókaútgáfan CODEX 2007) 301.

¹⁵ T.d. Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Háskólinn í Reykjavík 2003) 15.

¹⁶ Ólafur Lárusson, *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu* (Reykjavík 1932) 17.

¹⁷ sama heimild 82.

¹⁸ sama heimild 83.

¹⁹ sama heimild 92.

²⁰ „Ari fróði Þorgilsson skýrir frá því í Íslendingabók að veturinn 1117–1118 hafi lög verið skráð að Hafliða Mássonar á Breiðabólstað í Vesturhópi, var þá skrifaður Vígslóði og margt annað í lögum. Þessi lögbók var síðar nefnd Hafliðaskrá. Hún er löngu týnd, en líkur hafa verið leiddar að því að meginefni hennar komi fram í varðveittum handritum þjóðveldislaganna íslensku sem einu nafni nefnast Grágás.“ Sjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, „Nokkur þekkt handrit á Árnastofnun“ (*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*) Staðarhólsbók Grágásar – AM 334 fol. Skinnhandrit – 13. öld <http://www.arnastofnun.is/page/thekkt_handrit> skoðað 1. maí 2015.

Svo farið sé hratt yfir sögu var meðferð jafnt einkamála sem sakamála eingöngu skrifleg þegar komið var fram á 18. öld. Eiríkur Tómasson segir að það hafi þýtt að „almennur átti þess tæpast kost að fylgjast með dómsmálum þótt þinghöld væru í orði kveðnu opin“.²¹ Dómstólar voru ósjálfstæðir og málpípur einvaldsins uns hugmynda Montesquies um valddreifingu fór að gæta.²²

Réttaröryggissjónarmið þróuðust í aldanna rás með síauknu vægi frelsis- og mannréttindahugsjóna beggja vegna Atlantsála og urðu að almennri kröfu á upplýsingaöld. Ýmis borgaraleg réttindi, sem nú þykja sjálfsgöð, voru vígð í blóði í frönsku stjórnarbyltingunni. Markús Sigurbjörnsson gengur svo langt að segja að meginreglan um að meðferð mála fyrir dómi yrði að vera opinber hafi komið „til sögunnar“ á þessum umbrotatímum og henni hafi verið ætlað að stuðla að réttri málsmeðferð og vekja traust á dómstólum.²³

Fræg eru orð Jeremy Benthams (1748–1832), hins enska umbótasinna, heimspekings og lögfræðings:

... undir hjúpi leyndar hafa fláttskapur og illska í öllum myndum óheft svigrúm. Aðeins að svo miklu leyti sem unnið er fyrir opnum tjöldum er unnt að grípa til þeirra úrræða gegn réttarfarslegu óréttlæti sem fyrir hendi eru. Þar sem ekki nýtur vitna við, þar nýtur einskis réttlætis. ... Opinber málsmeðferð er sjálfur kjarni réttlætis. Hún stuðlar framur öllu öðru að vandvirkni og er öruggust vörn við óheiðarleika. Þá er dómariinn prófar mál, gengst hann sjálfur undir próf ...²⁴

Opinbert réttarfar ávann sér smám saman sess meginreglu í ensku réttarkerfi og dreifðist þaðan um hinn vestræna heim og víðar.²⁵

Um sama leyti óx fjölmiðlum fiskur um hrygg og í Svíþjóð til dæmis létu blaðamenn mjög að sér kveða í baráttunni fyrir opinberri málsmeðferð. Þeir fengu því framgengt árið 1881 að lokun þinghalds í undirrétti takmarkaðist við mál sem þóttu brjóta í bága við velsæmi.

²¹ Eiríkur Tómasson, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“ í Garðar Gíslason o.fl. (ritstj.), *Lindala* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001) 107.

²² Sigurður Línal, „Stjórnskipulegt vald dómstólanna“ (1993) 43 (2) *Tímarit lögfræðinga* 106, 106.

²³ Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Háskólinn í Reykjavík 2003) 15.

²⁴ Þýð. höf. Tilvitnunin hljóðar þannig á frummálinu: „... in the darkness of secrecy, sinister interest and evil in every shape have full swing. Only in proportion as publicity has place can any of the checks applicable to judicial injustice operate. Where there is no publicity there is no justice ... Publicity is the very soul of justice. It is the keenest spur to exertion and the surest of all guards against improbity. It keeps the judge himself while trying under trial ...“ Stephen Cobb, „Where there is no publicity there is no justice?“ (2010) 44 *Barrister Magazine* <<http://www.barristermagazine.com/archive-articles/issue-44/where-there-is-no-publicity-there-is-no-justice.html>> skoðað 2. febrúar 2015.

²⁵ Beverley McLachlin, „Openness and the rule of law“ (fyrirlestur við Annual International Rule of Law Lecture, 8. janúar 2014) 5 <http://www.barcouncil.org.uk/media/270848/jan_8_2014_-_12_pt._rule_of_law_-_annual_international_rule_of_law_lecture.pdf> skoðað 21. apríl 2015.

Hæstaréttardómari taldi breytinguna verða til þess að sannleikurinn kæmi síður í ljós í tilvikum þar sem „aðili eða vitni, af ótta, blygðun eða annarri viðlíka ástæðu, viki sér undan því í návist almennings“ að gefa skýrslu.²⁶

Danir og Íslendingar lutu sama einvaldi í kringum aldamótin 1800 þegar stjórnarbyltingin í Frakklandi ruddi lýðræðislegum umbótum braut um alla álfuna. Sáu danskir konungssinnar sitt óvænna og létu undan kröfum um réttarbætur til að forðast átök innanlands.²⁷ Byltingarnar í Evrópu 1848 urðu svo til þess að einveldi Danakonungs leið undir lok og komið var á þingbundinni konungsstjórn. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga fékk byr undir báða vængi.²⁸

Um miðja 19. öld var lögfest í Danmörku að opinberri og munnlegri málsferð skyldi komið á sem allra fyrst, eins og orðað var. Á því varð hins vegar sjötíu ára bið – til ársins 1919.²⁹ Þá var meginreglan loks leidd í lög. Hún náði þó ekki til Íslands sem var orðið fullvalda ríki árinu áður og með eigin stjórnarskrá frá árinu 1874. Í stjórnarskránni endurómaði hins vegar frelsisvakningin því að mannréttindaákvæði hennar voru því sem næst samhljóða ákvæðum í grundvallarlögum Dana frá árinu 1849 en þau tóku mið af belgísku stjórnarskránni frá 1831 sem aftur byggðist á frönsku mannréttindayfirlýsingunni frá 1789.³⁰

Þegar kom fram undir miðja síðustu öld var meðferð mála fyrir íslenskum dómstólum enn í meginráttum skrifleg.³¹ Þágildandi skipan leyfði litla innsýn og „bar öll megineinkenni rannsóknarréttarfars (inquisitorísku réttarfars), var löngu úrelt og í ósamræmi við réttarfar í öðrum menningarlöndum“, eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.³² Löggjöf á sviði réttarfars hefur tekið stakkaskiptum síðan.

Hvað opið þinghald snertir var kveðið á um það sem meginreglu í 39. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, svohljóðandi:

²⁶ Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 54–56.

²⁷ Ditlev Tamm og Helle Vogt, *Dansk retshistorie og vestlig forfatningsudvikling* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag A/S 2009) 49–50.

²⁸ T.d. Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga* (Sögufélag 1991) 271–288.

²⁹ Jens Peter Christensen, „Mundtlighed i retsplejen for Højesteret“ (2014) UfR Online <<http://www.hoejesteret.dk/om/artikler/Documents/Mundtlighed%20i%20retsplejen%20for%20H%C3%B8jesteret%20-%20UfR-artikel%2023%20maj%202014.pdf>> skoðað 21. apríl 2015.

³⁰ Alpt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 - 297. mál, k. II „Uppruni mannréttindaákvæða í öðrum ríkjum“.

³¹ Eiríkur Tómasson, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“ í Garðar Gíslason o.fl. (ritstj.), *Lindwala* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001) 107.

³² Alpt. 1990–1991, A-deild, þskj. 101 – 98. mál, almennar athugasemdir.

Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum, sem notuð er til almennings nota, skal heyja í heyrandi hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum, og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriðis, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

Í 3. mgr. lagagreinarinnar sagði að einstakur maður, sem léði hús sín til þinghalds, gæti bannað „óviðkomandi mönnum aðgang að því“.

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála fór rannsókn og málsmeðferð í sakamálum fram fyrir luktum dyrum.³³ Sú lagasetning átti sér nokkuð langan aðdraganda en með 16. gr. laganna var loks kveðið á um opinbera málsmeðferð fyrir dómi.

Lögin um meðferð einkamála og opinberra mála tóku breytingum á næstu árum og áratugum og sættu heildarendurskoðun í tengslum við nýja dómstólaskipan vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði samkvæmt lögum nr. 92/1989.³⁴

Ákvæði 70. gr. komu fyrst í stjórnarskrá Íslands árið 1995 við endurskoðun á mannréttindakafla hennar. Sem fyrr segir höfðu þó réttindin sem þau verja áður verið tryggð í íslenskri réttarfarslöggjöf.³⁵ Einnig höfðu Íslendingar fullgilt MSE árið 1953 og tekið sáttmálann upp í lög 1994 auk þess sem ASBR var fullgiltur 1979, sbr. framangreint.

2.3. Markmið með opnu þinghaldi

Þýðing orðalagsins „í heyranda hljóði“, sbr. meðal annars 1. mgr. 70. gr. stj.skr., er augljós og hefur verið óumdeild frá upphafi vega. *Njála* segir til dæmis frá því að Mördur lýsti fésök á hendur Hrúti „í heyranda hljóði að Lögbergi“,³⁶ þ.e. svo að allir heyrðu. Í lögfræðiorðabók kemur fram að opinber málsmeðferð merki þinghald í heyranda hljóði.³⁷ Þannig er þinghald fyrir luktum dyrum andstæða þess að heyja þinghald í heyranda hljóði, sbr. og 8. gr. eml. og 10. gr. sml. Munurinn er sá að almenningi er meinaður aðgangur í fyrra tilvikinu. Reglan um opið þinghald lýtur því aðallega að almannarétti og að almenningur teljist eiga erindi í dómsal.

³³ sama heimild.

³⁴ Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Háskólinn í Reykjavík 2003) 6.

³⁵ Guðrún Pétursdóttir (ritstj.), *Þjóð til þings: Skýrsla stjórnlaganefndar 2011* (2. b., Stjórnlaganefnd 2011) 184.

³⁶ *Brennu-Njáls saga*. (Íslensk fornrit XII, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Hið íslenska fornritafélag 1965) 27.

³⁷ Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan CODEX: Lagastofnun Háskóla Íslands 2008) 308.

Fræðimenn hafa skipt markmiðum með reglunni um opinbera málsmeðferð í tvo þætti. Annars vegar eigi hún að treysta réttaröryggi með því að tryggja að aðilar máls fái að fylgjast með því sem fram fer við meðferð þess. Hins vegar eigi almenningur, meðal annars fyrir atbeina fjölmiðla, að eiga kost á að vita hvað á sér stað í réttarsal og ætti það „í senn að veita dómurum aðhald og styrkja tiltrú fólks á dómstólunum“.³⁸ Rétt er að ítreka að aðgangur aðila, brotþola og annarra vitna eða bótakrefjenda, auk starfsmanna dómstóla, að réttarhöldum er utan við efni þessarar ritgerðar.

Framangreind markmiðsskýring að því er varðar almenning er ágæt svo langt sem hún nær en er því marki brennd að vera tilraun til að orða margslungið fyrirbæri í fáum orðum. Einnig hefur verið bent á að dómstörf verði að fara fram fyrir opnum tjöldum því að menn geti ekki að öðrum kosti notað réttinn til leiðbeiningar.³⁹ Því hefur auk þess verið haldið fram að reglunni um opinbera málsmeðferð sé ætlað að uppfylla kröfur um gagnsæja meðferð valdþátta ríkisins.⁴⁰

Nú mun ágreiningslaust „að allt vald í þjóðfélaginu eigi rætur að rekja til þjóðarinnar“.⁴¹ Dómsvaldið er þriðja grein ríkisvaldsins skv. 2. gr. stjkskr., og sækir vald sitt beint til laganna skv. V. kafla og starfar í umboði þjóðarinnar, sbr. til dæmis 4. og 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 (dómstólalög), sem kveða á um að framkvæmdavaldið skipi dómara. Þá eru dómstólarnir háðir löggjafarvaldinu um fjárveitingar.⁴² Dómskerfið getur því ekki frekar en aðrar valdastofnanir ríkisins verið undanþegið opinberri gagnrýni. Umbjóðandinn, þjóðin, þarf að geta fylgst með hvernig valdi er beitt í skjóli umboðs hans, en þess verður ekki krafist, vegna nauðsynlegs sjálfstæðis dómstólanna, að dómara standi „borgurum reikningsskil vegna ákvarðana sinna eins og lýðræðislega kjörnir fulltrúar“.⁴³

Fundir Alþingis eru með sama hætti opnir nema í undantekningartilvikum, skv. 83. gr. þingskaparlaga Alþingis nr. 55/1991, sbr. 57. gr. stjkskr., og stjórnsýslulög og upplýsingalög miða að því að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Umboðsmaður Alþingis telur gagnsæja opna stjórnsýslu til vandaðra stjórnsýsluhátta.⁴⁴ Réttaröryggi er snar þáttur í

³⁸ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (Bókaútgáfa Orators 1999) 103; sambærileg skýring í Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan CODEX 2008) 270.

³⁹ Garðar Gíslason, *Eru lög nauðsynleg?* (Bókaútgáfa Orators 1991) 145.

⁴⁰ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfjótur 189, 191.

⁴¹ Sigurður Línal, „Stjórnskipulegt vald dómstólanna“ (1993) 43 (2) Tímarit lögfræðinga 106, 107.

⁴² Ragna Árnadóttir, „Skipun dómara og nýtt frumvarp þess efnis“ (erindi á hátíðarmálþingi Orators 16. febrúar 2010) <http://www.innanrikisraduneyti.is/radherra/raedur_ragna/nr/6990> skoðað 14. maí 2015.

⁴³ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan CODEX 2008), 59.

⁴⁴ Sbr. Páll Hreinsson, *Stjórnsýsluréttur: Málsmeðferð* (Bókaútgáfan CODEX 2013) 59.

röksemdafærslu fyrir gagnsærri meðferð ríkisvalds en fleiri sjónarmið eiga við sem geta eftir atvikum vegið þungt. Páll Hreinsson nefnir um stjórnsýsluna sjónarmið um skilvirkni, kostnað, stjórnkerfi og lýðræði: „Til almannahagsmuna teljast einnig *lýðræðissjónarmið*, til dæmis um uppbyggingu samfélagsins [...].“⁴⁵

Kennisetningin enska „*justice must not only be done, it must also be seen to be done*“⁴⁶ felur í sér að gagnsæi en ekki einungis réttlæti verði að einkenna framgang réttvísinnar. Almennigur megi ekki fá ástæðu til að draga í efa óhlutdrægni og sjálfstæði réttarvörslukerfisins.

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur ítrekað lýst þeirri afstöðu sinni til reglunnar um opinber réttarhöld á grunni 1. mgr. 6. gr. MSE að hún sé til að verja málsaðila fyrir leynd yfir starfi að réttargæslu, sporna við geðþóttaákvörðunum og auka traust á dómstólum. Í dómi MDE í máli *Werners gegn Austurríki* segir meðal annars að af gagnsæi í réttarframkvæmd hljótist „réttlát málsmeðferð, en trygging fyrir henni er ein af grundvallarreglum hvers lýðræðislegs samfélags í skilningi sáttmálans.“⁴⁷

Allsherjarþing SP ályktaði á þann veg að menn skyldu hafa rétt til aðgangs að dómþingum til að gera sér kleift að mynda sér skoðun um hvort réttarhöldin fari fram í samræmi við landsrétt og alþjóðlegar skuldbindingar.⁴⁸

Ástæður fyrir því að opinber réttarhöld þyki æskileg eru meðal annars raktar í greinargerð með frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála frá árinu 1939 sem varð þó ekki að lögum:

1. Að hlutur sökunauts sé betur með því tryggður. Rannsókn innan dyra með þingvottum einum, sem oft mundu verða á bandi dómarans, ef óvissa eða ágreiningur risi um það, hvað fram hefði farið, er ekki talin fullnægjandi til að tryggja rétt sökunauts. Dómari kynni jafnvel að leyfa sér harkalegri meðferð á sökunaut í orði eða verki en sæmandi væri, þar sem enginn er þegar til að veita gerðum hans eða orðum eftirtekt. Nú á dögum koma reyndar sjaldan fram kvartanir þessa efnis hér á landi, nema helzt, að ekki sé nákvæmlega eða rétt fært í letur það, er sökunautur telur sig hafa sagt fyrir dómi, eða skýrslur vitna. En hvernig sem þessu er varið, þá verður það ekki vefengt, að dómara er það mikið aðhald um allan grandvarleik í starfi sínu, að fleiri menn en sökunautur og

⁴⁵ sama heimild 35.

⁴⁶ Þýðir að réttlæti þurfi ekki aðeins að vera fullnægt, það þurfi að sjást að því sé fullnægt. Hefur verið eignað Lord Hewart í málinu *R. g. Sussex Justices. Ex parte McCarthy*, sbr. t.d. Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 5.

⁴⁷ Þýð. höf. Tilvitnunin á ensku er svohljóðandi: „... a fair trial, the guarantee of which is one of the fundamental principles of any democratic society, within the meaning of the Convention“. *Werner g. Austria* App no. 21835/93 (ECtHR, 24. nóvember 1997) mgr. 45.

⁴⁸ Yfirlýsing um réttindi og skyldur einstaklinga og þjóðfélagshópa sem vinna að eflingu og vernd mannréttinda (samþykkt 9. desember 1998, birt 8. mars 1999) UNGA nr. 53/144, 9. gr., mgr. 3, b.

þingvottar megi sjá og heyra það, sem fram fer. Þegar svo er komið lögum, að sökunautur getur fengið verjanda þegar í rannsókn máls, verður hérgreind ástæða þó léttari á metunum en áður var. [...]

2. Að návist almennings veiti dómara og ákærvaldi aðhald um hlutdrægni sökunaut í vil. Ef almenningur fylgist með málinu með návist sinni, heyri og sjái, hvað fram fer, muni dómari og ákærvald síður treysta sér til að draga fjöður yfir sakir. Má og vera nokkuð í þessu hæft.

3. Að það sé almenningi nokkurt þroskaráð að fylgjast með því, er á dómþingum gerist. Og verður þessu víst ekki með öllu neitað.⁴⁹

Auk þess hvetti návist almennings sækjendur og verjendur til að rækja störf sín af kostgæfni.⁵⁰

Hér virðist „gapastökkssjónarmiðið“ fjarri sem felur í sér að sakborningur standi fyrir augum óviðriðinna svo sem „úrhrak“.⁵¹ Þvert á móti er gert ráð fyrir að sökunautur sé verndaður fyrir miskunnarleysi.

Framangreindar hugleiðingar taka mið af rannsóknarréttarfari síns tíma en eiga marga snertifleti við sambærilega nálgun að grunnrökum með hliðsjón af ákæruréttarfari nútímans. Markmiðin með nærveru almennings í dómsal þegar réttarhöld fara fram hafa verið flokkuð með eftirfarandi hætti – og lúta ekki öll að réttaröryggissjónarmiðinu, a.m.k. ekki í þröngum skilningi:

- Eftirlitssjónarmið
- Háttarnisleiðbeiningarsjónarmið
- Sannleikssjónarmið
- Þekkingarsjónarmið
- Rannsóknarsjónarmið
- Áhugasjónarmið
- Lýðræðissjónarmið
- Hlutlægnissjónarmið

Hér koma fram þau sjónarmið að í eftirliti almennings, þ.m.t. blaðamanna, borgara, valdhafa o.fl., felist aðhald með dómendum svo að þeir forðist í lengstu lög að gera sig seka um mistök. Lögmenn aðila eru einnig undir smásjánni. Með sjónarmiðum um háttarnisleiðbeiningar er átt

⁴⁹ Alpt. 1939–1940, A-deild, 212, 251–252.

⁵⁰ sama heimild.

⁵¹ Sjá til hliðsjónar Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 58.

við að borgararnir eigi heimtingu á að vita hvaða kröfur reglur samfélagsins gera til þeirra og hvað bíður þeirra fari þeir á svig við þær. Sannleikssjónarmiðið á meðal annars að tryggja sannsögli aðila og vitna þar eð ósannsögli þoli ekki dagsljósið. Á þessu eru þó tvær hliðar, til dæmis ef sá sem á að gefa skýrslu í opnu þinghaldi þagnar af ótta við hefndarverk. Þekkingarsjónarmiðið varðar uppfræðslu um gildandi rétt og réttarframkvæmd, meðal annars í því augnamiði að auka skilning almennings á dómstörfum, og rannsóknarsjónarmiðið lýtur að mikilvægum upplýsingum um viðkomandi dómsmál sem geta borist frá almenningi ef málareksturinn er á allra vitorði, t.a.m. fyrir tilstuðlan fjölmiðla. Þá er talið að opinber réttarhöld veki athygli og áhuga á réttarskipaninni. Um lýðræðissjónarmiðið hefur nokkuð verið rætt, eins og eftirlits- og aðhaldssjónarmiðið, en það snýst um lýðræðislegan rétt borgaranna til að kynna sér störf ríkisvaldsins, þ.m.t. dómsvaldsins, fjalla um þau og gagnrýna í þjóðmálaumræðu og hafa þannig áhrif á löggjöfina. Hlutlægnissjónarmiðið byggist á því að aukin upplýsingagjöf og gagnsæi vinni gegn einhliða eða hlutdrægri frásögn á opinberum vettvangi. Dómstólarnir megi ekki einangrast.⁵²

Þeir mega heldur ekki verða óaðgengilegir. Í 21. gr. dómstólalaga kemur fram sú meginregla að héraðsdómstólar hafi fasta þingstaði og hún var áréttuð í 9. gr. sml. vegna þess að eðlilegt þótti að þinghöld í heyranda hljóði skyldu haldin í þar til gerðum dómsölum svo að almenningur gæti fylgst með þeim.⁵³ MDE telur jafnframt óheimilt að fara í launkofa með dagskrá dómstóla.⁵⁴ Væntanlega getur grundvallarreglan um opna málsmeðferð heldur ekki talin vera virt ef þinghald er háð í dómhúsi sem er lokað almenningi, til dæmis utan venjulegs skrifstofutíma.

Í máli *Riepan g. Austurríki* var borið undir MDE hvort það samrýmdist ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE um dómþing í heyranda hljóði að heyja það innan múra fangelsis klukkan hálf níu að morgni. Niðurstaðan var á þann veg að brotið hafði verið gegn ákvæðinu með því að ríkið lét undir höfuð leggjast að grípa til mótvægisáðgerða í því skyni að veita almenningi og fjölmiðlum raunverulegan aðgang að réttarhöldunum, þótt haldin væru á annars lokuðu svæði.⁵⁵ Opið þinghald í orði en ekki á borði fullnægir ekki skilyrðum MSE.

⁵² Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 92–113.

⁵³ Alþt. 2007–2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál, athugasemdir við 9. gr.

⁵⁴ Eiríkur Tómasson, „Réttur manna til að vera viðstaddur þinghöld er ekki afdráttarlaus“ (2010) 63 (2) *Úlfjótur* 187, 188.

⁵⁵ *Riepan g. Austria* App no. 35115/97 (ECtHR 14. nóvember 2000).

Í greinargerð með frumvarpi því sem lá til grundvallar breytingum á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995 segir að opið þinghald skuli teljast undirstöðuregla sem veiti „borgurunum rétt til að fylgjast með því hvort dómara starfi í raun eftir lögnum, en þetta [sé] ekki unnt ef leynd hvílir yfir því sem fer fram í dómsölum“. Jafnframt veiti opið þinghald „fjölmiðlum tækifæri til að miðla upplýsingum til almennings um rekstur dómsmála og dómsniðurstöður, en slík upplýsingamiðlun [sé] í reynd helsta uppspretta vitneskju sem almenningur hefur um störf dómstóla í landinu“.⁵⁶

Héraðsdómari virðist hafa kosið nokkuð þrengra sjónarhorn við túlkun á meginreglunni um opinbera málsmeðferð fyrir dómi þegar hann kvað upp úrskurð að kröfu fréttamanns um lokað þinghald árið 2000: „Opinber málsmeðferð er [...] öryggisventill til að tryggja réttláta málsmeðferð en er ekki markmið í sjálfu sér.“⁵⁷

Í forystugrein *Tímarits lögfræðinga* árið 2001 var látið að því liggja að réttaröryggið krefðist ekki slíks öryggisventils lengur:

Reglan um opinbera málsmeðferð, í þeirri mynd sem hún nú er, á rót sína að rekja til þess tíma að dómsvaldið var vanþróað og réttarfarið sömuleiðis. Því kom fram sú krafa að þinghöld væru háð í „heyranda hljóði“ í því skyni að veita dómendum aðhald og koma í veg fyrir að þeir misbeittu valdi sínu. Vonandi eru flestir sammála um að nú á dögum sé þessi þörf ekki lengur fyrir hendi, að minnsta kosti miklu síður. Víst er að í lokuðum þinghöldum er aðhald af þessu tagi ekki til staðar en engum dettur þó í hug að þar sé allt í voða.⁵⁸

Alþingi var ekki þeirrar skoðunar að botninn væri dottinn úr umræddri meginreglu stjórnarskrárinnar við setningu sakamálaganna nr. 88/2008, sbr. 1. mgr. 10. gr. sml., og samkvæmt túlkun Hæstaréttar, sem kemur fram í **Hrd. 806/2013** (dótturdráp) meðal annars, þykja ríkar ástæður þurfa að vera fyrir hendi til að vikið sé frá því að halda þing í heyranda hljóði:

Þótt það sé yfirleitt þungbært fyrir ákærða og aðra þá sem mál varðar að þinghöld í sakamálum séu háð fyrir opnum tjöldum nægir það eitt og sér ekki til þess að þeim verði lokað, heldur verður eitthvað meira til að koma svo að það verði gert.⁵⁹

Í þessu tilviki var ákærði borinn sökum um að hafa hrist 5 mánaða dóttur sína svo harkalega að hún hlaut banvæna áverka.

⁵⁶ Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál, athugasemdir við 8. gr.

⁵⁷ Sjá héraðsdóm með Hrd. 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000.

⁵⁸ Friðgeir Björnsson (ritstj.), „Opinber málsmeðferð“ (2001) 51 (2) *Tímarit lögfræðinga* 71, 72.

⁵⁹ Hrd. 8. janúar 2014 í máli nr. 806/2013.

2.4. Um undantekningar frá opnu þinghaldi

Með því að meginreglan um opinbera málsmeðferð er varin í 70. gr. stjkskr. þarf sem fyrr segir þungvæg rök til að víkja frá henni og verður ekki annað ráðið af orðalagi greinarinnar en að Alþingi sé óheimilt að setja lög um undanþágur frá reglunni í öðrum tilgangi en þar greinir, þ.e.a.s. til að „gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila“.

Hvað undantekningar áhrærir gengur stjórnarskráin skemur en 1. mgr. 6. gr. MSE sem segir að banna megi:

... fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

Þrátt fyrir þessi ákvæði MSE er ekki heimilt að veita frekari undantekningar en ákveðið er í stjórnarskrá, sem hefur mest vægi réttarheimilda að landsrétti (*lex superior*), enda eru undantekningartilvik sáttmálans ekki skyldubundin. Meginreglan um þinghöld í heyranda hljóði gæti því virst hafa sterkari stöðu hér á landi en leiðir eingöngu af orðum MSE. Að því sögðu er þó rétt að benda á athugasemdir Ragnars Aðalsteinssonar um að undantekningarnar í lögunum, sem raktar verða hér á eftir, kunni að virðast víðtækari en stjórnarskrá heimilar: „Það skal þó viðurkennt að lengi má deila um inntak hugtaka eins og velsæmi og hagsmunir aðila.“⁶⁰

Í sumum tilvikum er lögskytt að loka þinghaldi. Ákvæði af þeim toga er a.m.k. að finna í barnalögum,⁶¹ barnaverndarlögum,⁶² hjúskaparlögum,⁶³ lögræðislögum,⁶⁴ lögum um heilbrigðisstarfsmenn⁶⁵ og ættleiðingalögum,⁶⁶ þar sem tekið er tillit til viðkvæmra og persónulegra hagsmuna málsaðila sem þykja vega þyngra en hagsmunir almennings af opnu þinghaldi.

⁶⁰ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfjótur 189, 190.

⁶¹ Barnalög nr. 76/2003, 12. gr., mgr. 2, og 38. gr., mgr. 2.

⁶² Barnaverndarlög nr. 80/2002, 54. gr. mgr. 2.

⁶³ Hjúskaparlög nr. 31/1993, 118. gr.

⁶⁴ Lögræðislög nr. 71/1997, 10. gr. mgr. 5.

⁶⁵ Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, 18. gr. mgr. 3 *in fine*.

⁶⁶ Lög um ættleiðingar nr. 130/1999, 24. gr. mgr. 2.

En almennt er það á forræði dómara að ákveða um lokun þinghalds *ex officio* eða að kröfu einhvers þeirra sem tæmandi eru taldir í réttarfarslögum, þ.e. aðila máls í einkamálum, sbr. 1. mgr. 8. gr. eml., en ákæranda, sakbornings og brotþola í sakamálum, sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. Áheyrendur í dómsal eru ekki þar á meðal, þeir eru aðeins taldir hafa hagsmuni af því að þinghald sé opið.

Samkvæmt þessu geta aðilar máls ekki krafist þess að láta loka þinghaldi nema undantekningarástæða eigi við. Afstaða þeirra er svo aðeins eitt af þeim atriðum sem dómari þarf að taka með í reikninginn þegar hann ákveður sig.⁶⁷ MDE hefur dæmt að afsal aðila á rétti til opinberrar málsmeðferðar sé ekki gilt mæli einhverjir mikilvægir almannahagsmunir gegn því.⁶⁸

Þessi skipan mála virðist ekki vera fyllilega óumdeild. Í forystugrein *Tímarits lögfræðinga*, sem áður var vísað til, er spurt hvort ástæða sé til að hver sem er geti „rekið nefið“ í deilur sem útkljáðar eru fyrir dómstólum:

Hér má spyrja í fullri alvöru, er ekki ástæða til þess að aðilar einkamáls geti komið sér saman um að þinghald skuli vera lokað án þess að fyrir því séu kunngerðar sérstakar ástæður? Það mætti jafnvel hugsa sér að sakborningur í opinberu máli gæti farið fram á hið sama með samþykki saksóknara.⁶⁹

Réttur almennings þyrfti ekki að vera fyrir borð borinn, að mati greinarhöfundar, þar sem aðgangur að dómsúrlausnum verður sífellt meiri og betri, meðal annars á netinu, en persónuvernd málsaðila fengi aukið vægi í takt við tíðarandann. Draga mætti stórlega í efa að áheyrendur í dómsal veittu dómurinum raunverulegt aðhald.⁷⁰

Við þetta er að athuga að ágreiningsefni milli einstaklinga og annarra einkaaðila varða „réttindi og skyldur manns að einkamálarétti“, eins og segir í 1. mgr. 6. gr. MSE, og verður því að jafnaði að hlíta kröfum sáttmálans að þessu leyti við meðferð einkamála.⁷¹

Dómari getur hvort heldur er í sakamálum eða einkamálum ákveðið að uppfylltum tilteknum skilyrðum laga að loka þinghaldi, takmarka fjölda áheyrenda og vísa mönnum úr dómsal fyrir sakir ungs aldurs þeirra, ástands eða truflandi framferðis. Óheimilt er að skýra frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara, skv. 2. mgr. 9. gr. eml. og 2. mgr. 11. gr. sml.

⁶⁷ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (Bókaútgáfa Orators 1999) 105–106.

⁶⁸ *Hákansson og Sturesson g. Sweden* App. no. 11855/85 (ECtHR, 21. febrúar 1990), mgr. 66.

⁶⁹ Friðgeir Björnsson (ritstj.), „Opinber málsmeðferð“ (2001) 51 (2) *Tímarit lögfræðinga* 71, 73.

⁷⁰ sama heimild.

⁷¹ Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005) 199.

Skilyrðin í sakamálalögnum eru talin upp í 1. mgr. 10. gr. sem hljóðar svo:

Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómari getur þó ákveðið, að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotþola, að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum, að öllu leyti eða að hluta, ef það er háð utan reglulegs þingstaðar, sakborningur er yngri en 18 ára eða hann telur það annars nauðsynlegt:

- a. til hlífðar sakborningi, brotþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar,
- b. vegna nauðsynjar sakbornings, brotþola, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
- c. vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins,
- d. af velsæmisástæðum,
- e. til að halda uppi þingfriði
- f. meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
- g. meðan vitni gefur skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Í einkamálum reynir mjög lítið á undantekningar frá opinberri málsmeðferð í framkvæmd,⁷² en þau eru að uppistöðu til hin sömu og í sakamálum að breyttu breytanda og að frátöldum staflíðum f og g. Þeir staflíðir tengjast sannleiksreglu sakamálaréttarfars og eiga að vernda rannsóknarhagsmuni. Lögjöfnun frá framangreindum undantekningarreglum sakamálalaga virðist ekki tæk í einkamálum, þar sem aðilar fara með málsforræðið, sbr. synjun héraðsdóms á kröfu um lokað þinghald í meiðyrðamáli og gildi einu þótt gerð væri refsikrafa í málinu.⁷³ Hafi verið á því byggt að undanþágurnar teldust tæmandi taldar í einkamálalögnum og að ekki væri um ólögákveðið tilvik að ræða, er það enn til vitnis um takmörk undantekninga frá meginreglunni.

Undantekningarnar sæta þröngri lagatúlkun, svo sem fyrr segir, og dómaframkvæmd staðfestir, sbr. t.d. **Hrd. 648/2011** (barnsdráp), **Hrd. 353/2012** (manndráp) og **Hrd. 749/2014** (vændiskaup), en í öllum dómunum þremur er tekið sérstaklega fram að frávik frá meginreglu íslensks réttarfars um að dómþing skuli halda í heyranda hljóði beri að túlka þröngt.

Af heimild dómara til að loka þinghaldi að hluta, sbr. meðal annars 1. mgr. 6. gr. MSE, og ekki síður skyldu hans skv. 5. mgr. 10. gr., sbr. 2. ml. 2. mgr. 11. gr. sml., til að banna opinbera frásögn af þinghaldi fremur en að loka því, telji hann það vera fullnægjandi, leiðir t.a.m. að honum ber að gæta meðalhófs og velja vægasta úrræðið sem fyrir hendi er og kemur að gagni; í 2. ml. 2. mgr. 9. gr. laga um meðferð einkamála er sömuleiðis að finna heimild til

⁷² Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Háskólinn í Reykjavík 2003) 15.

⁷³ Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 2009 í máli nr. E-10160/2009.

handa dómara til að leggja bann við frásögn af því sem fram fer í þinghaldi þótt það sé háð í heyranda hljóði. Frávik frá meginreglunni megi ekki vera meiri en nauðsyn krefur.

Þannig verða sakborningar almennt að þola „að fjallað sé fyrir opnum tjöldum um sakir sem á þá eru bornar“ með því að „hagsmunir almennings, og um leið sakborninga sjálfra, af því að rekstur sakamála fari fram fyrir opnum tjöldum, eru mjög ríkir og þeim mun ríkari sem sakirnar í málinu eru meiri“, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 2002 sem Hæstiréttur staðfesti í máli nr. **179/2002** (manndráp og barnaklám) að þessu leyti:⁷⁴ „Ljóst er að þetta ákvæði sáttmálans [þ.e. 1. mgr. 1. gr. MSE] er einnig byggt á því að saman falli hagsmunir sakbornings og samfélagsins af því að almenningur og fréttamenn geti gengið úr skugga um að málsmeðferðin sé réttlát.“

Í þessu sambandi má einnig benda á **Hrd. 551/2010** (niðurlæging). Með vísan til a- og d-liða 1. mgr. 10. gr. sml. var þess krafist að þinghöld færu fram fyrir luktum dyrum vegna þess að málið væri neyðarlegt fyrir móður tveggja stálpaðra barna. Hún var ákærð fyrir að ráðast nakin og í uppnámi að valdstjórninni með brjóstahaldara sínum. Fjölmiðlar sýndu málinu áhuga og meðal sönnunargagna væri myndbandsupptaka af atburðinum. Slíkar myndir ættu ekki erindi við almenning. Ætlaðar sakir konunnar væru smáfelldar og opinber umfjöllun yrði henni þungbærari en hún hefði unnið til. Hæstiréttur féllst á að rök stæðu til að loka þinghaldi af fyrrgreindum ástæðum en einungis þegar myndbandsupptökurnar yrðu sýndar, skv. 2. mgr. 10. gr. sml. Að öðru leyti yrðu réttarhöldin opinber.

Dómurinn virðist leitast við að víkja sem minnst frá meginreglunni um opið þinghald, þótt sakir þyki ekki miklar, án þess þó að daufheyrast við því álit sem kemur meðal annars fram í greinargerð með frumvarpi til stjórnskipunarlaganna á Alþingi árið 1994 þess efnis að „sérstaklega mikilvægt“ sé að sýna málsaðilum tillitssemi „ef mál eru þeim viðkvæm og óheftur aðgangur almennings og fjölmiðla að máli þeirra gæti valdið þeim umtalsverðum óþægindum“.⁷⁵

Þinghöld í kynferðisafbrotamálum eru til dæmis almennt lokuð. Í skýrslu dómsmálaráðherra til Alþingis árið 1995 birtist það álit að heimildir til að hlífa fórnarlömbum kynferðisbrota við dómstólameðferð væru nýttar eins og kostur væri.⁷⁶ Venjan er að vísa til a- og d-liðar 1. mgr. 10. gr. sml. Einkalífið er friðheilagt skv. 71. gr. stjkskr. og lokun þinghalds í

⁷⁴ Sjá einnig Hrd. 7. desember 2011 í máli nr. 648/2011; úrskurð Héraðsdóms Reykjaness 21. desember 2010 í máli nr. S-986/2010.

⁷⁵ Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál, athugasemdir við 8. gr.

⁷⁶ Alþt. 1995–1996, A-deild, þskj. 1131 – 245. mál, 8. kafli.

kynferðisbrotamálum er ætlað að forða brotaþolum frá frekari skerðingu á því. Enn fremur er ætlunin að stuðla að því að lögum verði komið yfir brotamenn sem ella skákuðu í því skjólinu að fórnarlömb þeirra skirrðust við að kæra þá af ótta við sviðsljósið í þinghaldi fyrir opnum tjöldum.⁷⁷ Með **Hrd. 749/2014** (vændiskaup) staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms um að öll þinghöld í máli ákærvaldsins gegn karlmanni, sem var sakaður um brot á 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hgl.) um bann við vændiskaupum, skyldu háð fyrir luktum dyrum „með tilliti til hagsmuna þeirrar konu sem málið varðar“. Mál af þessum toga skyldu jafnsett öðrum kynferðisbrotamálum í þessu sambandi. Sjónarmið um að tilgangi hegningarlaganna um að sporna við sölu á kynlífi yrði frekar náð með því að halda þinghöld í vændiskaupamálum fyrir opnum tjöldum en að halda þau fyrir luktum dyrum hlutu ekki hljómgrunn, sbr. sératkvæði eins af dómurunum þremur.

Líklegt má telja að Hæstiréttur hafi viljað vernda einkalíf brotaþolans, sem kynlífsþjónustan var keypt af, og hlífa við viðbrögðum almennings sem þætti líklegur til að fordæma viðkomandi og stimpla sem vændiskonu alla tíð. Í ljósi meðalhófsreglna má spyrja hvort ekki hefði mátt fara vęgar í sakirnar en að loka þinghöldum að öllu leyti.

Samlestur á umræddum undantekningarákvæðum MSE og laganna um meðferð sakamála og einkamála sýnir að dómari, ætli hann að loka þinghaldi, verði almennt að telja nauðsyn á því í lýðfrjálsu landi. Á hinn bóginn virðist sem lokun þinghalds samkvæmt íslenskri réttarfarslöggjöf vegna afbrigðilegs þingstaðar eða verndar sakborninga undir 18 ára aldri sé ekki háð mati á slíkri nauðsyn.

Hagsmunir barna og ungmenna, hvort heldur þau eru sakborningar eða brotaþolar, er meðal þeirra atriða sem dómara er skylt að taka tillit til samkvæmt grundvallarreglunni um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess, sbr. 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003. Í því ljósi virðast hagsmunir almennings af opnu þinghaldi fremur verða að víkja en ella ef börn og ungmenni eiga í hlut. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að mæla svo fyrir að þinghöld í málum vegna afbrota barna verði ávallt lokuð til að forða þeim frá brennimerkingu eða stimplun samfélagsins.⁷⁸

⁷⁷ Sbr. Beverley McLachlin, „Openness and the rule of law“ (fyrirlestur við Annual International Rule of Law Lecture, 8. janúar 2014) 10 <http://www.barcouncil.org.uk/media/270848/jan_8_2014_-_12_pt._rule_of_law_-_annual_international_rule_of_law_lecture.pdf> skoðað 21. apríl 2015.

⁷⁸ Sbr. t.d. Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Fjölmiðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“ í Ragnheiður Bragadóttir o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit: Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007* (Bókaútgáfan CODEX 2007) 534.

Hafa má **Hrd. 347/2000** (Barnahús) til marks um þrönga túlkun í dómsskerfinu á undantekningarreglum sakamálagaga. Í þeim dómi var fallist á synjun héraðsdómara á kröfu réttargæslumanns um afbrigðilegan þingstað í þágu sex ára brotaþola. Ekki var álitin þörf á að nýta sérútbúna aðstöðu Barnahúss til skýrslutöku af barni þegar húsnæði dómstólsins var fullnægjandi. Dómur þessi sýnir jafnframt að réttarhöld verða ekki haldin utan reglulegs þingstaðar nema veigamiklar ástæður mæli með því.⁷⁹

Í 3. mgr. 10. gr. sml. og 3. mgr. 8. gr. eml. er heimild dómara til að meina þeim aðgang sem ekki rúmast á þingstað með góðu móti. Áheyrendur flykkjast sjaldnast á þingstað, þeir láta yfirleitt fjölmiðlum eftir að fylgjast með störfum dómstóla fyrir sig, og ekki eru nema liðlega 30 sæti í stærsta dómsal landsins í Héraðsdómi Reykjavíkur. Urðu af þeim sökum pústrar framan við dómsalinn sumarið 2010 þegar mannfjöldi vildi fylgjast með réttarhöldum í málum níumenninganna svonefndu sem voru ákærðir fyrir að ryðjast í heimildarleysi upp á þingpalla í Alþingishúsinu.⁸⁰ Dómari hafði falið lögreglu að takmarka aðganginn að dómsalnum við 25 og komust miklu færri að en vildu. Ragnar Aðalsteinsson, sem var verjandi fjögurra ákærðu í málinu, álitur að dómara hafi borið að „gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeim sem áhuga hefðu á því að fylgjast með málinu væri gert það kleift“, svo sem með því að heyja dómþing á þingstað sem rúmaði fleiri.⁸¹ Aðgerðir lögreglu í dómhúsinu urðu meira að segja til þess að ákærðu sjálfum var bannaður aðgangur sem og fréttamönnum. Ekki þarf að fjölyrða um þau réttarspjöll sem af hlytust ef ákærðu fengju ekki að taka þátt í eigin réttarhöldum en forvitnilegt er með hliðsjón af viðfangsefni þessarar ritgerðar að gaumgæfa stöðu blaða- og fréttamanna við þessar aðstæður. Verður nánar vikið að því síðar.

Í því skyni að varðveita starfsfrið og halda uppi reglu getur dómari hvort heldur er lokað þinghaldi, sbr. e-lið 1. mgr. 8. gr. eml. annars vegar og 10. gr. sml. hins vegar, eða vísað þeim út þeim sem raskar rónni eða reglunni, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 9. gr. eml. og 3. og 4. mgr. 10. gr. sml. Dómara er og heimilt að gæta að almannahagsmunum og öryggis ríkisins skv. c-lið 1. mgr. með því að loka þinghaldi. Slíkt ákvæði var fyrst talið nauðsynlegt vegna njósnastarfsemi og milliríkjaviðskipta⁸² en í óafgreiddu stjórnarfrumvarpi til einföldunar á

⁷⁹ Fyrir Alþingi liggur stjórnarfrumvarp til breytinga á sakamálagögum m.a., Alþt. 2014–2015, A-deild, þskj. 1049 – 605. mál, sem gerir ráð fyrir að lögfest verði að dómstólar nýti almennt sérútbúna aðstöðu utan dómhússins í slíkum tilvikum.

⁸⁰ Jónas Margeir Ingólfsson, „Kýtt um réttarfar í máli níumenninganna í héraði“ *Morgunblaðið* (Reykjavík, 18. ágúst 2010) 12.

⁸¹ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) *Úlfjótur* 189, 195.

⁸² Alþt. 1948–1949, A-deild, þskj. 12 – 12. mál, athugasemdir við 16. gr.

réttarfari eru mikilvægir almannahagsmunir meðal annars taldir varða öryggi ríkisins og varnarmál.⁸³

Sé þinghaldi alfarið lokað, eins og oftast er raunin þegar undantekningarheimildunum er beitt, ber að vísa öllum úr dómsal sem eiga ekki beinlínis hlut að máli. Í **Hrd. 439/2003** (innsetningargerð) fékk héraðsdómari ádrepu fyrir að hafa leyft föður varnaraðila að vera viðstaddur lokað þinghald í andstöðu við lög og þrátt fyrir mótmæli sóknaraðila.⁸⁴

Í Danmörku er dómara heimilt að undanskilja menn frá ákvörðun um lokun þinghalds og sama er talið mega leiða af sænskum lögum.⁸⁵

⁸³ Alpt. 2014–2015, A-deild, þskj. 1049 – 605. mál.

⁸⁴ Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 þykir nauðsynlegt, sbr. 55. gr., mgr. 2, laganna að kveða sérstaklega á um að talsmaður barns megi vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

⁸⁵ Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 118.

3. DÓMAFRAMKVÆMD

3.1. Almenn

Hér að framan hefur verið leitast við að varpa ljósi á lögvarða kröfu almennra borgara til að fylgjast með réttarhöldum og skýra frá því sem þeir verða þar áskynja. Í framhaldi af því vakna spurningar um hvort almenningur geti framfylgt þeim rétti og krafist dóms um þá.

3.2. Réttur til úrlausnar máls fyrir dómstólum

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur hjá dómstólum skv. 1. mgr. 70. gr. stjkskr., sbr. 1. mgr. 24. gr. eml. og 1. mgr. 1. gr. sml. Af hugmyndinni um réttarríki leiðir að dómstólar séu öllum opnir.⁸⁶ Þessi réttur er einnig verndaður í 1. mgr. 6. gr. MSE. Verður ekki frá honum vikið nema mjög sérstakar aðstæður krefjist.⁸⁷ Hvorki er heimilt að setja þeim rétti takmarkanir sem skerða kjarna hans, skv. túlkun MDE í máli *Ashingdane gegn Bretlandi*, né tálma möguleika einstaklings á því að bera mál undir dóm meira en nauðsyn krefur til að ná því lögmeta markmiði sem að er stefnt.⁸⁸ Er ekki talið fara í bága við framangreint að setja þau skilyrði fyrir að maður höfði dómsmál að hann njóti aðildarhæfis og hafi sjálfur hagsmuni af að fá leyst úr málinu.⁸⁹

Mælt er fyrir um aðildarhæfi í 1. mgr. 16. gr. eml.: „Aðili dómsmáls getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum.“

Skortur á aðildarhæfi leiðir til sýknu.

Skilyrðið um lögvarða hagsmuni er ólögfest grundvallarregla. Hún styðst meðal annars við 1. mgr. 24. gr. eml. um að lögsaga dómstóla takmarkist við sakarefni sem lög og landsréttur ná til og 1. mgr. 25. gr. eml. um að dómstólar verði ekki krafðir álits á lögspurningum.⁹⁰ Er almennt viðurkennt að til að aðili teljist hafa lögvarða hagsmuni þurfi hann að hafa „beina og einstaklingslega hagsmuni af úrlausnatriði máls“, sbr. orðalag héraðsdóms með **Hrd. 20/2005** (umhverfismat).

Til að lagður verði dómur á mál þurfa lögvarðir hagsmunir í fyrsta lagi að vera fyrir hendi, í öðru lagi mega þeir ekki vera liðnir undir lok og í þriðja lagi verður sá sem á þeim byggir að

⁸⁶ Garðar Gíslason, *Eru lög nauðsynleg?* (Bókaútgáfa Orators 1991) 145.

⁸⁷ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (Bókaútgáfa Orators 1999) 48.

⁸⁸ *Ashingdane g. The United Kingdom* App no. 8225/78 (ECtHR, 28. maí 1985), mgr. 57.

⁸⁹ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (Bókaútgáfa Orators 1999) 54.

⁹⁰ Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Háskólinn í Reykjavík 2003) 117.

vera réttur eigandi þeirra.⁹¹ Til þess er einnig litið að umræddir hagsmunir séu ekki of almennir.⁹²

Samkvæmt íslenskum rétti nægir því ekki að hagsmunir af dómsmáli séu lögvarðir. Þeir þurfa einnig að vera beinir og einstaklingslegir „umfram það sem aðrir hafa að gæta“.⁹³ Annars ætti hver sök sem vill, *actio popularis*. Skilyrðið um beina hagsmuni hefur verið túlkað rúmt, þegar ákvörðun hefur raunveruleg áhrif á hagsmuni manns þótt hún beinist að öðrum, sbr. meðal annars fyrrgreindan héraðsdóm um umhverfismat. Úrlausnaratrið verður samt sem áður að hafa verulega þýðingu fyrir málsaðila umfram það sem almennt gerist.

Ólafur Jóhannesson sagði í riti sínu, *Stjórnskipun Íslands*, sem kom út árið 1960, að *actio popularis* væri óheimil að íslenskum lögum „nema til hennar sé sérstök og ótvíræð lagaheimild“. Til samanburðar vísaði hann í 20. og 24. gr. þág. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis,⁹⁴ þar sem sagði „hver sá sem kæra vill“ og að „sá“ sem af tilteknum ástæðum missti af kærufresti gæti „sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki“. Skv. 118. gr. núg. laga um alþingiskosningar nr. 24/2000 á sérhver kjósandi frjálsa aðild og skv. 1. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 „sá sem vill kæra“. Í **Hrd. 458/2002** (kosningar) var fallist á aðild kjósanda að dómsmáli um ógildingu sveitarstjórnarkosninga á grunni framangreindrar 93. gr. kosningalaga. Þetta er nefnt hér vegna líkinda við orðalag í 10. gr. sml., sjá næsta undirkafla.

Skortur á lögvörðum hagsmunum veldur frávísun máls frá dómi.

3.3. Krafa um úrskurð og kæra til Hæstaréttar

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að gildandi lögum um meðferð sakamála leiðir ekki sjálfkrafa af tilgreindum ástæðum í 1. mgr. 10. gr. að loka skuli þinghaldi. Dómara ber í hvert sinn að veða og meta aðstæður og vera reiðubúinn að rökstyðja ákvörðun um að halda þing fyrir luktum dyrum.⁹⁵ Þetta er vandmeðfarin jafnvægislist.

Eðli máls samkvæmt getur ekki verið neinn grundvallarmunur á þess háttar hagsmunamati dómara eftir því hvort fyrir honum liggur að dæma í sakamáli eða einkamáli. Mælikvarðinn hlýtur að vera hinn sami. Hins vegar þarf hann ekki að kveða upp úrskurð í einkamáli.

⁹¹ sama heimild 118.

⁹² Sbr. Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal, *Réttarfar II. hefti: Meginreglur um meðferð einkamála* (Reykjavík 1968–1969) 135–136.

⁹³ Særún María Gunnarsdóttir, „Aðild að málum sem varða umhverfið“ (2005) 58 (2) *Úlfjótur* 347, 357.

⁹⁴ Ólafur Jóhannesson, *Stjórnskipun Íslands* (Hlaðbúð 1960) 402.

⁹⁵ Alpt. 2007–2008, A-deild, þskj. 252 – 233. mál, athugasemdir við 10. gr.

Ákvörðun er fullnægjandi skv. 1. mgr. 112. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. eml., þar sem úrlausn um þessa formhlið mála getur ekki sætt kæru til Hæstaréttar, en ástæðunnar þarf að geta í bókun. Annað á við í sakamálalögum, því að í 10. gr., 2. mgr. *in fine*, segir að sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara geti krafist þess að hann kveði upp úrskurð um hvort þinghald, sem annars væri opið, verði það ekki. Slíkum úrskurði má skjóta til Hæstaréttar skv. b-lið 1. mgr. 192. gr. sml. Þar með hefur héraðsdómari í einkamáli vart til annarra dómafordæma að líta við mat á því hvort hann eigi að synja almenningi um aðgang að dómsal en dóma Hæstaréttar í sakamálum.

Ekki þarf að orðlengja að réttur til að krefjast úrskurðar héraðsdómara um lokað þinghald og að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar nær til þeirra sem hafa beina aðild að sakarefninu sem er til úrlausnar, þ.e. ákæranda og sakbornings auk brotaþola, eins og áður var nefnt, enda er þeirra beinlínis getið í ákvæði 1. mgr. 10. gr. sml.: „Dómari getur þó ákveðið, að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola, að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum ...“

Orðalagið „sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara“ í 2. mgr. gefur hins vegar tilefni til rýmri túlkunar en svo að réttur þessi sé bundinn við þá eina sem tengjast sakarefninu með beinum hætti. Ákvæðið kom fyrst inn í sakamálalög (þá lögin um meðferð opinberra mála nr. 19/1991) með lögum nr. 36/1999, öðru vísi orðað en efnislega eins, og var meðal annars ætlað að styrkja stöðu brotaþola.⁹⁶

Í **Hrd. 353/2012** (manndráp) var fallist á að aðstandendur konu, sem hafði verið ráðinn bani, gætu kært til æðra dóms úrskurð héraðsdómara, þar sem hann hafði hafnað kröfu þeirra um lokað þinghald til hlífðar þeim:

Meginregla 10. gr. [sml.] nr. 88/2008 er sú að þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Samkvæmt a. lið 1. mgr. greinarinnar getur dómari ákveðið að þinghald skuli fara fram fyrir luktum dyrum telji hann það nauðsynlegt til hlífðar sakborningi, brotaþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar. Eftir 2. mgr. sömu lagagreinar getur sá, sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara um hvort þinghöld skuli háð fyrir luktum dyrum, krafist úrskurðar um það. Af síðastgreindum ákvæðum leiðir að sonur hinnar látnu og foreldrar voru bær til þess að krefjast úrskurðar héraðsdómara um hvort þinghöld í málinu skyldu vera lokuð og jafnframt til að kæra þann úrskurð til Hæstaréttar.

Þótt það segi ekki berum orðum í dóminum hefur hann að geyma viðurkenningu á að aðstandendur hinnar látnu hafi átt lögvarða hagsmuni af úrlausn um hvort banna ætti

⁹⁶ Alpt. 1998–1999, A-deild, þskj. 482 – 354. mál, almennar athugasemdir, IV. kafli.

almenningi og fjölmiðlum aðgang að réttarhöldunum. En geta vandamenn með sama hætti krafist opins þinghalds? Í **Hrd. 179/2002** (manndráp og barnaklám) er mótmælum móður myrts manns gegn kröfu sakbornings um lokað þinghald ekki gefið neitt vægi: „Við ákvörðun um hvort þinghald verði háð fyrir opnum dyrum eru ekki efni til að gæta sérstaklega að afstöðu þess, sem kann að hafa uppi einkaréttarkröfu í opinberu máli.“

Lokun þinghalds í málinu varðaði ekki móður hins myrta persónulega sem hafði uppi einkaréttarkröfu um bætur og yrði ekki vikið úr dómsal þótt dyrum að dómþinginu væri lokað fyrir almenningi. Hún gat því ekki talist hafa einstaklega hagsmuni af úrlausnarefninu.

Staða þeirra, sem annars hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn þess sakarefnis sem dóminum er ætlað að taka afstöðu til, getur því verið mismunandi að þessu leyti. En hvað á þá við um almenning sem samkvæmt fyrri kafla þessarar ritgerðar á að meginreglu til lögvarða hagsmuni af því að vera við réttarhöld án þess að eiga beinlínis hlut að máli og fylgjast með því sem þar fer fram og skýra opinberlega frá því?⁹⁷ Til að svara því verða teknir til athugunar dómur Hæstaréttar í málum sem varða lögvarða hagsmuni almennings af úrskurði héraðsdóms um lokun þinghalds og eftir atvikum dómi Hæstaréttar um réttmæti úrskurðarins.

3.4. Hæstaréttardómar

3.4.1. Almenn

Í þessum kafla verður fjallað um þá Hæstaréttardóma sem talist geta varpað ljósi á hverjir séu lögvarðir hagsmunir almennings af úrskurði héraðsdóms um lokun þinghalds og eftir atvikum dómi Hæstaréttar um réttmæti úrskurðarins.

Með **Hrd. 407/2000** (fréttamansdómi) var fréttamanni sem hugðist fylgjast með réttarhöldum í sakamáli játaður réttur til að krefjast úrskurðar um lokun þinghalds og kæra hann til æðra dóms. Að mati Eiríks Tómassonar sýndi dómurinn að reglan um opinbera málsmeðferð væri ekki hugsuð fyrir þá eina sem hafa hagsmuni af málsúrslitum.⁹⁸

⁹⁷ Vafasamt er að börn eða ungmenni undir 15 ára aldri geti átt réttmæta kröfu á úrskurði um lokað þinghald skv. 10. gr., mgr. 2, sml. þar sem dómara er heimilt skv. mgr. 3 sama ákvæðis að vísa þeim úr þingsal án frekari rökstuðnings.

⁹⁸ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars* (2. útg., Úlfljótur 2010) 16.

Ragnar Aðalsteinsson taldi aftur á móti að Hæstiréttur hefði með síðari dómum, **Hrd. 355–365/2010** (vændiskaupadómum fyrri), hnekt fyrrnefndu fordæmi fréttamannsdómsins án þess að dómurinn rökstyddi breytta afstöðu.⁹⁹

Hrd. 763–777/2014 (vændiskaupadómar síðari) staðfestu svo helstu niðurstöðu fréttamannsdómsins.

Með vísan til framangreindra Hæstaréttardóma auk **Hrd. 32/2010** (mansaldóms) verður nú leitast við að greina gildandi rétt að þessu leyti út frá dómaframkvæmd.

3.4.2. Fréttamannsdómur

Í **Hrd. 407/2000** var ákærði í málinu annars vegar sakaður um manndráp og líkamsárás og hins vegar nauðgun. Fjölskipaður héraðsdómur ákvað að loka þinghöldum til hlífðar brotaþola og vitnum í kynferðisbrotaþætti málsins.

Fréttamaður, sem vildi ekki una því, fékk sem fyrr segir úrskurð um lokað þinghald og kærði hann til Hæstaréttar. Í kærinni var tekið fram að kærandinn kæmi að málinu „vegna dómsathafnar, sem varðar hann“:

Kærandi er ólöglerður, en var staddur vegna atvinnu sinnar sem fréttamaður við [fréttastofu] við þinghald í málinu 3. 11. 2000, er honum var vísað út ásamt starfsfélögum sínum vegna ákvörðunar héraðsdóms um að loka þinghöldum í málinu.

[...]

Kærandi rökstyður kröfu sína með vísan til 1. mgr. 8. gr. opl. nr. 19/1999, þess efnis, að meginregla íslenzks réttar sé sú, að réttarhöld séu háð í heyranda hljóði. Þetta fái einnig stoð í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995 og 1. mgr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Einnig í viðurkenndum og grónum lýðræðishefðum um óheftan frétttaflutning af vettvangi dómsmála.

Kærandi telur mikilsvert, að fjölmiðlar fylgist svo sem kostur er með svo viðamiklu og alvarlegu dómsmáli, sem hér er um að tefla, og að þeir fái þannig sinnt því mikilvæga hlutverki sínu að upplýsa almenning um meðferð þess og framgang. Að öðrum kosti kynni það að valda skerðingu á réttaröryggi og koma í veg fyrir, að tilgangi og markmiðum refsilöggjafar sé náð, m.a. um varnaðaráhrif. Kærandi telur jafnframt, að svo megi haga málum, til hlífðar brotaþola, að viðkvæmum atvikum vegna nauðgunarákæru megi halda utan við önnur málsefni, sé vilji fyrir hendi.

⁹⁹ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfjótur 189, 199.

Kærandi viðurkennir, að íslenskur réttur geri ráð fyrir ýmsum undantekningum á meginreglunni um opin réttarhöld, en með hliðsjón af ríkum hagsmunum almennings af að fylgjast með opinberum réttarhöldum getur kærandi ekki fallið á, að nokkurt óhagræði við málsmeðferð og önnur rök héraðsdóms vegi þyngra. Hann telur því skýlaust, að héraðsdómur hafi gengið of langt með því að banna allan aðgang að réttarhöldum. Annað sé ósannað og amk. megi fara vægar í sakirnar m.a. með beitingu annarra réttarúræða, svo sem fréttabanni af viðkvæmstu þáttum málsins.¹⁰⁰

Hæstiréttur staðfesti einróma úrskurð héraðsdóms um lokuð þinghöld vegna þess að kynferðisbrotapáttur málsins þótti svo samtvinnuður manndrapsþætti þess að ekki yrði skilið á milli. Af sömu ástæðu var ekki orðið við varakröfu fréttamannsins um opin þinghöld þegar fjallað væri um aðra þætti málsins en kynferðisbrotið, sbr. núg. 1. mgr. 10. sml.

Í Hæstaréttardóminum er sérstaklega tiltekið að kærandi hafi ætlað að fylgjast með réttarhöldunum starfs síns vegna sem fréttamaður. Ekki er frekar vísað í rökstuðning við kærú hans. Bendir það eigi að síður til að Hæstiréttur hafi talið starfandi fréttamann eiga lögvarða hagsmuni umfram aðra af slíkri endurskoðun á dómsathöfn undirréttar sem krafist var af hans hálfu. Án slíkrar vísbendingar yrði *actio popularis* ekki ýkja fráleit skýring.

3.4.3. Mansaldómur

Í **Hrd. 32/2010** var vísað frá Hæstarétti kröfu annars fréttamanns um að hnekkt yrði ákvörðun héraðsdóms um lokuð þinghöld að öllu eða hluta í mansalsmáli þar sem sex menn voru ákærðir.

Héraðsdómur hafði að kröfu réttargæslumanns brotþola úrskurðað að réttarhöldin færu fram á bak við luktur dyr á grundvelli rökstuðnings lögmannsins um að skjólstaðingur hans væri í mikilli hættu og búast mætti við að „fjölmíðlafólk og jafnvel almenningur“ sýndi málinu áhuga. Þinghöld í kynferðisafbrotamálum væru almennt lokuð og ekki ætti að gera „minni kröfur“ til þinghalda í mansalsmálum.

Fréttamaður skaut málinu til Hæstaréttar sem taldi að hann hefði skort heimild til þess:

Talið verður að skilyrði fyrir rétti til að kæra úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar samkvæmt 192. gr. laga nr. 88/2008 sé að sá sem kærir hafi átt í héraði aðild að þeim ágreiningi sem úrskurður lýtur að. [Nafns fréttamannsins] er hvergi getið í gögnum um meðferð málsins í héraði og hefur hann raunar ekki í kærú einu sinni freistað þess að gera grein fyrir því hvernig hann tengist því sakarefni sem úrskurðað var um, þótt ráða megi af kærúni að fyrir honum vaki að tryggja fjölmíðlum aðgang að þinghöldum í málinu.

¹⁰⁰ Sjá viðauka.

Munurinn á niðurstöðunni í fréttamannsdóminum og mansalsdóminum virðist felast í því að dómsathöfnin varðaði ekki kæranda í síðarnefnda málinu með beinum hætti auk þess sem hann lét ekki málið til sín taka í héraði líkt og fréttamaðurinn gerði í fyrra málinu, sem var persónulega vísað úr dómsal og krafðist þess sjálfur að úrskurður yrði kveðinn upp um aðgang almennings að dómþingi. Þannig sneri úrlausn málsins að réttindum hans sjálfs til viðbótar hagsmunum almennings af frétttaflutningi, sem þó báðir fréttamenn vildu standa vörð um.

Að þessum dómi uppkveðnum gat ekki lengur verið um að ræða frjálsa heimild til aðildar samkvæmt undantekningarreglu *actio popularis* frá meginreglunni um lögvarða hagsmuni, hvað sem líður líkindum 2. mgr. 10. gr. sml. og áðurgreindra ákvæða kosningalaga.

3.4.4. Vændiskaupadómar fyrri

Hrd. 355–365/2010 (vændiskaupadómar fyrri) vörðuðu mál einstaklinga sem sakaðir voru um að hafa greitt fyrir kynlífsþjónustu í andstöðu við lög. Héraðsdómur ákvað að loka þinghöldum samkvæmt heimildum a- og d-liðar 1. mgr. 10. gr. sml.¹⁰¹ Um þá ákvörðun spannst gagnrýnin þjóðmálaumræða sem ýmsir í samfélaginu tóku þátt í, ekki síst femínistar.

Kærandi vildi ekki una því að þinghöld í málunum yrðu ekki opin sér og almenningi, krafðist úrskurðar um það bréflaga og kærði hann til Hæstaréttar.

Hér klofnaði þriggja manna dómur Hæstaréttar. Meirihlutinn vísaði málinu frá með þeim röksemdum að telja yrði „samkvæmt almennum reglum réttarfars að sá sem krefst úrskurðar dómara [...] verði að eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins“. Kærandi hefði látið sitja við að lýsa hagsmunum sínum af málinu með þeirri almennu lýsingu á sjálfri sér að vera „borgari, blaðamaður og talskona Femínistafélags Íslands“. Sagði meirihluti Hæstaréttar að þetta yrði „ekki skilið á annan hátt en þann að hún [léti] sig málið varða sem almennur borgari sem áhuga hefur á að fylgjast með rekstri málsins“. Var það ekki talið fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml. og þá heldur ekki til að kæra til Hæstaréttar úrskurð um lokun þinghalda samkvæmt b-lið 1. mgr. 192. gr. s.l.

Sératkvæði dómsins er um lagarök sem varða umfjöllunarefni þessarar ritgerðar beint. Það sker sig ekki aðeins frá áliti meirihlutans um sakaraðild kæranda heldur miðar að því að

¹⁰¹ Hæstiréttur hafði áður talið fullnægjandi að vísa einungis í a-lið sama ákvæðis til að loka þinghaldi í vændiskaupamáli, sbr. Hrd. 25. nóvember 2014 í máli nr. 749/2014.

viðurkenna rétt fleiri en fréttamanna til aðildar að málum af því tagi sem hér eru til umræðu með skírskotun til lögvarinna hagsmuna:

Í athugasemdum við 10. gr. frumvarps þess sem varð að [sml.] er [...] tekið fram að sá möguleiki að krefjast úrskurðar dómara um ákvörðun varðandi það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum, og eftir atvikum að kæra slíkan úrskurð, hafi ekki aðeins nýst brotaþola, heldur einnig öðrum svo sem fréttamönnum, sbr. [fréttamannsdóminn]. Skýra verður þetta fordæmi Hæstaréttar þannig, að réttindin einskorðist ekki við ákærvald, ákærða eða þolendur við rekstur sakamáls og er það í samræmi við orðalag [2. mgr. 10. gr. sml.] „sá sem sættir sig ekki við“. Í íslenskum rétti hefur á hinn bóginn ekki verið viðurkennd sú regla að almenningur geti átt aðild að dómsmálum og er orðalag þetta ekki svo afdráttarlaust að talið verði að með því hafi sú veigamikla breyting verið gerð að innleiða almenna aðild að dómsmálum.

Actio popularis er hafnað með öllu. Síðar segir í sératkvæðinu:

Eins og að framan greinir verður ekki fallist á það að almennur borgari sem slíkur geti átt aðild að kröfunni, á hinn bóginn getur blaðamaður átt það í krafti þeirrar skyldu sinnar að upplýsa almenning um meðferð og framgang dómsmála. Með svipuðum rökum tel ég að ef efni máls varðar samfélagslega hagsmuni sem tilgreindir hópar eða félagasamtök láta sérstaklega til sín taka, þá séu þeir ekki síður en hinn almenni blaðamaður í þeirri stöðu að þeir eigi að hafa möguleika á að fá úr því skorið hvort þinghald í máli sem snýst um slíka hagsmuni verði lokað. Leiði ég þetta af hinu víða orðalagi lagaákvæðisins og tilgangi löggjafans sem birtist í framangreindum athugasemdum. Femínistafélag Íslands hlýtur að teljast hagsmunaaðili í þessum skilningi þegar um er að ræða dómsmál um vændiskaup. Leggja verður til grundvallar að kærandi sé blaðamaður þó að hún tilgreini ekki sérstakan fréttamiðil og að hún sé talskona Femínistafélags Íslands.

Með því að meirihlutinn vísaði málinu frá þótti ekki tilefni til að fjalla um efnisþátt málsins í sératkvæðinu.

Síðasta athugasemdin í tilvitnuninni virðist fá stoð í dómi MDE í máli *Vides Aizsardzibas Klubs gegn Lettlandi*¹⁰² um að umhverfissamtök geti gegnt svipuðu eftirlitshlutverki og fjölmiðlar¹⁰³. Samkvæmt því mætti ímynda sér að femínistafélag gæti við ákveðnar aðstæður talist njóta sömu réttinda og fjölmiðlamenn njóta umfram aðra.

Ragnar Aðalsteinsson segir að það standist ekki að mismuna eftir því hvort um fjölmiðlamenn eða „almenna borgara“ sé að ræða við ákvörðun um aðgang að dómþingum. Réttur þeirra sé

¹⁰² *Vides Aizsardzibas Klubs g. Latvia* App. no. 57829/00 (ECtHR, 27. maí 2004).

¹⁰³ Páll Þórhallsson, „Tjáningarfrelsi“ í Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005) 374.

jafn.¹⁰⁴ Um það álitafni verður fjallað hér á eftir, en svo er að sjá sem fréttamenn hafi raunverulega forgang hvað þetta varðar vegna upplýsingamiðlunar sinnar, að því gefnu að þeir sýni fram á að sá sé tilgangur þeirra og starfi. Á það var talið skorta í þessum vændiskaupadómum fyrri.

Hafi meirihluti dómsins með orðalaginu lögvarðir hagsmunir af „sakarefni málsins“ haft annað í huga en kröfuna um opið þinghald kann að virðast sem reynt hafi verið að þrengja rétt kæranda frá því sem var talið gilda þegar fréttamannsdómurinn var kveðinn upp 10 árum áður og skilja mætti af mansalsdóminum, sem sagt að kærandi þyrfti ekki að eiga hlut að málinu sem var upphaflega til meðferðar hjá dómstólnum til að fá leyst úr ágreiningi um lokað þinghald.

Þetta var skilningur Ragnars Aðalsteinssonar, eins og fyrr segir, og þetta var skilningur héraðsdómara sem stóð andspænis viðlíka úrlausnarefni fáum árum síðar, sbr. næsta undirkafla.

3.4.5. Vændiskaupadómar síðari

Hrd. 763–777/2014 (vændiskaupadómar síðari) snúast um sams konar mál og vændiskaupadómar fyrri. Nú var kröfu blaðamanns um úrskurð skv. 2. mgr. 10. gr. sml. og með vísan í fordæmi fréttamannsdómsins vísað frá héraðsdómi.

Þinghöldum í héraði var lokað með ákvörðun á grundvelli staflíða a og d í 1. mgr. 10. gr. sml. við útgáfu fyrirkalls. Blaðamaðurinn sendi réttinum kröfu sína um úrskurð í bréfi. Í rökstuðningi fyrir frávísuninni vitnar dómari til vændiskaupadómanna fyrri:

Hefur verið talið að sá sem krefst úrskurðar dómara verði í þeim tilvikum að eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 355/2010 – 365/2010, sem kveðnir voru upp 18. júní 2010. Eins og fyrr greinir setur bréfitari kröfu þessa fram sem blaðamaður og ritstjóri [...]. Af þeim orðum má draga þá ályktun að hann telji að mál þetta sé þess eðlis að það eigi erindi við almenning í opinberri umfjöllun í nefndu vikublaði, og hafi hann af þeirri ástæðu áhuga á að fylgjast með rekstri þess. Að áliti dómsins, svo og með hliðsjón af ofangreindum dómum Hæstaréttar 18. júní 2010, getur slíkt þó ekki talist fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Er kröfunni því vísað frá dómi.

¹⁰⁴ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfjótur 189, 198.

Hér virtust sannast þau ummæli Ragnars Aðalsteinssonar að með vændiskaupadómunum fyrri væri gengið gegn fordæmi fréttamannsdómsins frá árinu 2000 og að réttarstaðan skýrðist ekki fyrir en fjallað væri að nýju um álitaeefnið í Hæstarétti.¹⁰⁵

Enda var máli þessu skotið til Hæstiréttur sem kvað upp afdráttarlausan dóm:

Í dómi Hæstaréttar 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 3697, var fallist á að fréttamenn geti átt aðild að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Að virtum þeim dómi verður að telja að héraðsdómi hafi borið að leysa efnislega úr kröfu kæranda. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka kröfu hans til efnismeðferðar.

Skemmst er frá því að segja að í framhaldi af þessu kvað héraðsdómur upp úrskurð í málunum í samræmi við dóm Hæstaréttar. Var hann samhljóða fyrri ákvörðun um lokað þinghald og var það endir þessa máls. Þessi seinni úrskurður var ekki kærður til Hæstaréttar.

3.4.6. Athugasemdir

Orkar þá meirihlutaatkvæði vændiskaupadómanna fyrri tvímælis? Brá Hæstiréttur út af fordæmi fréttamannsdómsins til þess að snúa aftur til þess með vændiskaupadómunum síðari? Að minnsta kosti var óljóst hvaða skilning ætti að leggja í afstöðu meirihlutans, eins og umfjöllun hér að framan gefur til kynna. Þó ber að athuga að dómur meirihlutans byggðist á þeirri afstöðu hans að um almennan borgara væri að tefla en ekki starfandi fjölmiðlamann. Frekar en að bera þann dóm saman við fréttamannsdóminn er trúlega rétt að bera hann saman við **Hrd. 353/2012** (manndráp) og **Hrd. 179/2002** (manndráp og barnaklám), sem áður voru reifaðir, þar sem almennir borgarar áttu í hlut en töldust, ólíkt kæranda í vændiskaupadómunum fyrri, hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnisins með því að þeir voru bótakrefjendur í málunum.

Annað mál er að meirihlutinn sýnist hafa kosið þrengri nálgun að álitaefninu um aðild kærandans en þörf var á, sbr. minnihlutaákvæðið, og þannig skert möguleika einstaklings á því að bera mál undir dóm meira en nauðsyn krefur. Rýmri túlkun hefði trúlega samrýmst dómaframkvæmd MDE betur, sbr. til dæmis áður nefndan dóm í máli *Ashingdane gegn Bretlandi*¹⁰⁶ og þó einkum dóm í máli *Canea Catholic Church gegn Grikklandi*,¹⁰⁷ en í því tilviki var talið fara í bága við 1. mgr. 6. gr. MSE að vísa einkamáli, sem rómversk-kaþólska kirkjan hafði höfðað, frá dómi á þeirri forsendu að hún gæti ekki talist vera lögpersóna með

¹⁰⁵ sama heimild 199.

¹⁰⁶ *Ashingdane g. United Kingdom* App. no. 8225/78 (ECtHR, 28. maí 1985).

¹⁰⁷ *Canea Catholic Church g. Greece* App. no. 25528/94 (ECtHR, 16. desember 1997), mgr. 47.

aðildarhæfi þótt Rétttrúnaðarkirkjan og samfélag gyðinga teldust vera það. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að gildandi lög um meðferð sakamála eru yngri en fordæmi fréttamansdómsins og heimild samkvæmt þeim til að krefjast úrskurðar um lokað þinghald er efnislega hin sama og hún var áður en dómurinn féll. Lagasetningarvaldinu hefði verið í lófa lagið að þrengja þessa heimild í ljósi reynslunnar ef vilji hefði staðið til þess. Lögskýringargögn benda þvert á móti til að löggjafinn telji rúma túlkun gilda og hafi meira að segja forðast að einskorða heimildina við fréttamenn, sbr. orðalagið „svo sem“:

Þessi möguleiki hefur ekki aðeins nýst brotaþola, heldur einnig öðrum, t.d. þeim sem andmæla því að þinghald sé háð fyrir luktum dyrum, svo sem fréttamönnum, sbr. [fréttamansdóminn]. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði haldist efnislega óbreytt [...] ¹⁰⁸

Enn er það álitamál hvort réttur manns til að vera viðstaddur þinghald sé allsherjarréttar eða einkaréttar eðlis. Gildissvið 1. mgr. 6. gr. MSE er að því leyti takmarkaðra en gildissvið 1. mgr. 70. gr. stj.skr. að fyrrnefnda greinin nær til réttinda og skyldna að einkamálarétti og þegar maður er sakaður um refsivert brot.¹⁰⁹ Stjórnarskrárákvæðið grípur að auki yfir allsherjarréttarleg mál sem stofnast vegna viðskipta einstaklinga og stjórnvalda. Vekur það spurningar um hvort ágreiningur um framkvæmd lokamálsliðar 2. mgr. 10. gr. sml. falli undir lögsögu MDE svo að unnt yrði að bera hann undir dóm mannréttindadómstólsins ef þannig stæði á.

Eiríkur Tómasson segir að MDE hafi tilhneigingu til að skilgreina gildissvið 1. mgr. 6. gr. MSE með sífellt rýmri hætti og forðast að skilgreina í eitt skipti fyrir öll hvar mörkin liggi, til dæmis hafi ákvarðanir stjórnvalda um eignarrétt, atvinnuréttindi og persónuréttindi manna verið felldar undir ákvæðið.¹¹⁰ Sennilega liti MDE umfram allt til hagsmuna borgarans sem einstaklings af því að fá að vera viðstaddur réttarhöld og færi með álitafnið eins og það væri einkamál yrði það borið undir dómstólinn.

Í fréttamansdóminum virðist hafa skipt máli að ákvörðun dómarans skerti ekki aðeins almenna möguleika fréttamannsins heldur einnig sannanlega viðleitni hans til að fylgjast með réttarhöldum í viðkomandi máli og flytja af því fréttir, sbr. orðalagið „kærandi, sem mun hafa ætlað að vera staddur við þinghaldið vegna starfs síns sem fréttamaður“. Að því leyti stóð fréttamaðurinn betur að vígi en starfsbróðir hans í mansalsmálinu. Þótti skorta á aðkomu hins

¹⁰⁸ Alþt. 2007–2008, A-deild, þskj. 252 - 233. mál, athugasemdir við 10. gr.

¹⁰⁹ Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005) 202.

¹¹⁰ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (Bókaútgáfa Orators 1999) 35–37.

síðarnefnda að úrlausnarefninu á fyrri stigum þess til að unnt yrði að taka kæru hans til efnislegrar meðferðar.

Vændiskaupadómarnir síðari bera á hinn bóginn með sér að það ráði ekki úrslitum hvort kærandi hafi gert sér far um að sækja þinghald. Fullnægjandi sé að senda skriflega kröfu um úrskurð með pósti án þess að mæta nokkurn tíma í eigin persónu á þingstað. Frávísunarmálin, þ.e. mansalsdómurinn og vændiskaupadómarnir fyrri, gefa sömu vísbendingar en hafa minna vægi úr því að kærundur töldust hvort sem er ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málanna af öðrum ástæðum.

Slík regla hlýtur að þykja æskileg og eðlileg því að ella kynni kröfuaðild skv. 2. mgr. 10. gr. sml. að takmarkast af tæknilegum ástæðum, svo sem ef þinghald yrði háð „fyrir opnum tjöldum“, ef svo má segja, í dómhúsi sem að öðru leyti væri lokað og læst. Leiðir það hugann að niðurstöðu MDE í máli *Riepan gegn Austurríki* um að dómþing verði ekki aðeins að vera opið í orði heldur og á borði.¹¹¹

Sá sem getur sýnt fram á að hann starfi við fréttamiðlun og að sú starfsemi sé tilgangur hans með því að vilja fylgjast með réttarhöldum getur því krafist úrskurðar um lokað þinghald bréflaga án þess að hafa verið vísað á dyr í dómsal. Skilyrðinu um beina hagsmuni af úrlausnarefninu er því ekki beitt með þröngri lagaskýringu¹¹² auk þess sem lögpersóna virðist geta átt aðild að máli af þessum toga.

Loks er rétt að áréttta að enn eru þess engin dæmi að blaða- og fréttamenn hafi fengið ákvörðun um lokað þinghald breytt í opið þinghald með kæru til Hæstaréttar.

¹¹¹ *Riepan g. Austria* App. no. 35115/97 (ECtHR 14. nóvember 2000).

¹¹² Dómstólar hafa verið tregir til að vísa málum frá vegna skorts á beinum hagsmunum, sbr. t.d. Hrd. 7. júní 2001 í máli nr. 173/2001 (Hverfell).

4. SÉRSTAÐA FJÖLMIÐLAMANNA

Almennt er talið mikilsvert að fjölmiðlar upplýsi almenning um meðferð og framgang viðamikilla og alvarlegra dómsmála, sbr. tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE, en „opinber málsmeðferð, sem tryggð er í réttarfarslögum, verður að miklu leyti formið eitt, miðli fjölmiðlarnir ekki því sem fram fer í dómsölunum“.¹¹³

Réttur almennings til að afla sér upplýsinga um mikilvæg málefni fyrir tilstilli fjölmiðla er lögvarinn. Sama á við um rétt fjölmiðla til að miðla upplýsingum. Þetta birtist skýrt í 1. mgr. 10. gr. MSE. Sú lögvernd sem fjölmiðlar njóta til að fullnægja hlutverki sínu er jafnhliða talin bera með sér skyldu þeirra til upplýsingamiðlunar.¹¹⁴ Mannréttindadómstóll Evrópu vísar oft til þess að blaða- og fréttamenn séu „varðhundur almennings“ (e. *public watchdog*) þegar þeir halda uppi gagnrýni á því sem betur má fara, sbr. dóm MDE í máli *Jersilds gegn Danmörku*.¹¹⁵

Fjölmiðlamennirnir eru oftast eini milliliður almennings og dómstóla. Réttarhöld eru yfirleitt á þeim tíma sem aðrir eru bundnir af venjubundnum daglegum störfum. Réttur almennings til fréttu af dómsmálum skiptir hann í raun rétttri meira máli en sjálfur rétturinn til aðgangs að dómstólum.

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands (BÍ) eiga, eins og aðrar siðareglur blaða- og fréttamanna um víða veröld, að setja blaðamennsku ákveðinn ramma og kveður 3. gr. þeirra á um vandaða upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu auk fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Siðanefnd félagsins úrskurðar um kærsmål, sbr. 6. gr.¹¹⁶ Tilgangurinn er öðrum þræði að uppræta óæskilega blaðamennsku og komast hjá því að lög og réttur setji fjölmiðlafrelsinu skorður. Því vandaðri sem fréttáflutningurinn er annars og vegar og því harðari tókum sem blaðamannastéttin tekur á siðareglubrotum hins vegar, þeim mun minni ástæða er fyrir ríkisvaldið að hefta starfsemi hennar.¹¹⁷ Aðrir en fjölmiðlamenn eru ekki háðir siðareglunum. Því má heldur ekki gleyma að lagareglur um meiðyrði veita hinni skrifandi stétt aðhald sömuleiðis.

¹¹³ Hrafn Bragason, „Dómstólar og fjölmiðlar“ (1980) 30 (4) Tímarit lögfræðinga, 229, 229.

¹¹⁴ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (Háskólaútgáfan 1997) 46–47.

¹¹⁵ *Jersild g. Denmark* App. no. 15890/89 (ECtHR 23. september 1994) mgr. 31.

¹¹⁶ Blaðamannafélag Íslands, „Siðareglur Blaðamannafélags Íslands: Samþykkt með síðustu breytingum á aðalafundi BÍ 1991“ (2004) 26 (4) Blaðamaðurinn, 36.

¹¹⁷ Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 418.

Þór Vilhjálmsson skrifaði í forystugrein *Tímarits lögfræðinga* að almenningur fengi skakka mynd af samfélaginu ef fjölmiðlar sneiddu hjá þáttum í þjóðlífinu. Væri það til þess fallið að „rýra alla aðstöðu og virkni þessara þjóðlífsþátta“ og þess vegna þyrfti meðal annars að auka frétttaflutning af dómum og bæta hann.¹¹⁸ Fer ekki á milli mála að dómsmál eru nú orðið mun oftari í fréttum en þegar þetta var skrifað árið 1980 en sitt sýnist hverjum um gæðin.¹¹⁹

Fréttamat fjölmiðlanna og áherslur fara ekki endilega saman við skoðanir aðila máls, lögmannna og dómara en hér ræður ritstjórnarlegt frelsi þeirra. Með hliðsjón af áður nefndri skyldu boðbera tjáningarfrelsisins til að flytja almenningi fréttir af gangi dómsmála má þó gera kröfu um að þeir geri það með ábyrgum og hlutlægum hætti og með hliðsjón af markmiðum opinberrar málsmeðferðar, svo sem auknu réttaröryggi og trausti á réttarvörslunni. Umfram allt á þetta við ef blaða- og fréttamenn njóta réttar gagnvart dómstólum sem aðrir borgarar njóta ekki eða síður. Ragnar Aðalsteinsson hefur talið óheimilt „að mismuna eftir því hvort um fjölmiðlamenn eða „almennan borgara“ [sé] að ræða“, réttur þeirra sé jafn,¹²⁰ en dómaframkvæmd, sbr. kafla hér á undan, bendir eindregið til annars.

Fleiri dæmi má nefna sem styðja að það teljist veigameiri skerðing á meginreglunni um opin þinghöld að synja fréttamanni um aðgang en öðrum almennum borgurum. Páll Sigurðsson segir t.a.m. ekki ósennilegt að dómari megi hleypa fréttamönnum gegn framvísun blaðamannaskírteina þeirra fram fyrir aðra inn í dómsal ef sýnt þykir að salurinn rúmi ekki alla sem vilja fylgjast með þinghaldi.¹²¹ Í sama streng tekur Eiríkur Tómasson.¹²² Ef allir hefðu jafnan rétt gæti farið svo að fjölmiðlamönnum yrði vísað frá vegna þess að áheyrendabekkirir væru þegar fullsetnir. Er óhætt að segja að slík niðurstaða leiddi til þess að hin margrómaða meginregla felldi fjaðrir, eins og Páll Sigurðsson komst að orði.¹²³

Áður en skilið verður við þetta efni er við hæfi að líta til framkvæmdar um skyld atriði með nánnum frændþjóðum okkar.

Hæstiréttur Danmerkur leit ekki svo á að blaðamenn stæðu jafnfætis aðilum máls, hvað þá frammar öðrum borgurum, hvað viðvíkur kærur vegna lokaðs aðgangs að dómþingi, sbr. *U. 1978.76 HKK*. Áheyrandi í dómsal væri hvorki aðili að því refsímáli sem hann vildi kynna sér

¹¹⁸ Þór Vilhjálmsson, „Lagastörf og fjölmiðlar“ (1980) 30 (4) *Tímarit lögfræðinga* 197, 197.

¹¹⁹ Sbr. Jón Þór Ólason, „Dómstóll götunnar: Gapastokkur nútímans“ (2004) 57 (3) *Úlfjótur* 343, kafli 5.1.

¹²⁰ Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyrenda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) *Úlfjótur* 189, 198.

¹²¹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (Háskólaútgáfan 1997) 370.

¹²² Eiríkur Tómasson, „Réttur manna til að vera viðstaddur þinghöld er ekki afdráttarlaus“ (2010) 63 (2) *Úlfjótur* 187, 188.

¹²³ Sbr. Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (Háskólaútgáfan 1997) 363.

né því kærumáli sem landsréttur hefði til meðferðar því tengdu. Ákvörðun um lokað þinghald beindist hvorki að honum með beinum hætti né snerti persónulega hagsmuni hans að svo miklu leyti að hún jafngilti úrskurði um réttindi hans. Gilti einu þótt hann hefði verið staddur við upphaf þinghaldsins þegar ákveðið var að loka því. Málinu var vísað frá. Í Eystri landsrétti fékk kæra blaðamanns og ljósmyndara varðandi umgengnisréttarmál sömu afgreiðslu, sbr. *U. 1987.200 ØLK*, en í *U 1988.848 HKK* varð viðsnúningur. Kæra dagblaðs vegna ákvörðunar skiptaréttar um að loka þinghaldi fékk efnislega meðferð og var ákvörðun undirréttar snúid.

Í Svíþjóð er engin sérstök lagaheimild til að kæra lokað þinghald en valdi slík ákvörðun réttarspjöllum kemur til greina að yfirréttur vísi málinu frá dómi komi til kasta hans.¹²⁴

Hvað sem því líður hafna hvorki Danir né Svíar því að fjölmiðlamenn hafi sérstöðu með tilliti til opinberrar málsmeðferðar. Í kringum aldamótin síðustu breyttu Danir réttarfarslöggjöf sinni í ýmsum atriðum til að efla samstarf dómstólanna og fjölmiðla. Þannig hafa fjölmiðlamenn að sumu leyti rýmri aðgang að málgögnum en allur almenningur.¹²⁵ Enn fremur ber dómara að bjóða málsaðilum og nærstöddum fjölmiðlamönnum að tjá sig áður en hann ákveður að halda þinghald fyrir luktum dyrum.¹²⁶ Þar að auki hefur starfsmönnum fjölmiðla verið tryggð kærueimild í slíkum tilvikum í lögum.¹²⁷

Svíar hafa veitt fjölmiðlamönnum forgang að þinghöldum og leyft beinar útsendingar frá réttarhöldum.¹²⁸

Áður var minnst á að MDE hefði staðfest eftirlitshlutverk fjölmiðla í málinu *Vides Aizsardzibas Klubs gegn Lettlandi*.¹²⁹ Í nýlegum dómi í máli *Morice gegn Frakklandi* kemst MDE að þeirri niðurstöðu að frönsk yfirvöld hafi brotið rétt lögmanns til réttlátrar málsmeðferðar og frjálsrar tjáningar vegna gagnrýni á dómara í stórblaðinu *Le Monde*. Dómurinn segir að játa verði lögmönnum vítt svigrúm til að tjá sig í opinberri umræðu um slíka almannahagsmuni sem meðferð umtalaðs dómsmáls er. Þeir þekki réttarvörslukerfið náid og almenningur hafi lögmæta hagsmuni af upplýsingum um starfsemi þess. En þrátt fyrir þetta standi lögmenn ekki jafnfætis blaðamönnum. Hinir fyrrnefndu séu fulltrúar

¹²⁴ Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 225–226.

¹²⁵ Lars Lindencrone Petersen og Erik Werlauff, *Dansk retspleje* (5. útg., Karnov Group 2011) 107.

¹²⁶ sama heimild 111.

¹²⁷ Henrik Edelstam, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001) 209.

¹²⁸ Anne Ramberg, „Offentligare rättegångar?“ (2004) Advokaten (2) <<https://www.advokatsamfundet.se/Advokaten/Tidningsnummer/2004/Nr-2-2004-Argang-70/Offentligare-rattegangar/>> skoðað 10. maí 2015.

¹²⁹ *Vides Aizsardzibas Klubs g. Latvia* App. no. 57829/00 (ECtHR, 27. maí 2004).

réttarkerfisins, hinir síðarnefndu gegni mikilvægri stöðu sem tengiliðir almennings og dómstóla og tryggi með störfum sínum skilvirkni og hlutleysi í réttarvörslunni:

Staða og hlutverk hverra um sig á vettvangi réttarframkvæmdar eru í eðli sínu mismunandi. Bláamönnum er í samræmi við skyldur þeirra og ábyrgð falið að miðla upplýsingum og hugmyndum um hvers kyns mál sem varða almannahag, þar með talið þau sem snerta réttarvörsluna. Lögmenn eru á hinn bóginn virkir þátttakendur í réttarkerfinu og eiga beina aðild að framkvæmd þess og gæta hagsmuna málsaðila. Þeim verður því ekki jafnað saman við utanaðkomandi sjónarvotta sem gegna því hlutverki að upplýsa almenning.¹³⁰

¹³⁰ Þýð. höf. Tilvitnunin hljóðar svo á ensku: „*Their respective positions and roles in judicial proceedings are intrinsically different. Journalists have the task of imparting, in conformity with their duties and responsibilities, information and ideas on all matters of public interest, including those relating to the administration of justice. Lawyers, for their part, are protagonists in the justice system, directly involved in its functioning and in the defence of a party. They cannot therefore be equated with an external witnesses whose task it is to inform the public.*“ *Morice g. France* App. no. 29369/10 (ECtHR, 23. apríl 2015) mgr. 148.

5. NIÐURSTÖÐUR

Réttur almennings til að vera viðstaddur réttarhöld í málum sem þeir eiga ekki endilega hlut að styðst við venjuhelgaðar, lagalegar, sögulegar og lýðræðislegar forsendur. Opinber málsmeðferð er einkenni á réttarríki og undirstöðuregla í íslenskri réttarfarslögjöf. Í 2. kafla þessarar ritgerðar eru sjónarmiðin rakin. Opið þinghald er yfirleitt skýrt með hliðsjón af réttaröryggi, enda vegur eftirlits- og aðhaldshlutverk almennings þungt í þessu sambandi, en hugtakið verður að skýra nógu vítt til að rúma einnig lýðræðisþátt meginreglunnar sem tryggir almenningi rétt til að kynna sér starfsemi valdþátta ríkisvaldsins, þ. á m. dómssvaldsins, milliliðalaust og lýsa skoðun sinni á henni. Önnur skipan kynni að grafa undan trausti á dómstólum og einnig nauðsynlegri þátttöku almennings í lýðræðislegu ferli sem getur stuðlað að úrbótum. Þar af leiðandi heyrði opið þinghald ekki sögunni til þótt réttaröryggi málsaðila í þröngum skilningi yrði fyllilega tryggt með öðrum hætti. Ekki er nóg að réttlætinu sé fullnægt ef almennir borgarar geta ekki gengið úr skugga um að svo sé. Það er gömul saga og ný.

Aðhaldið að dómssvaldinu fer ekki eftir því hvort áheyrendur í dómsal séu fleiri eða færri eða hvort þeir séu lærðir í lögum eða leikir. Það stafar umfram allt af meginreglunni um opinbera réttarframkvæmd, sem sagt því að borgararnir *eigi kost á* að kynna sér dómstörfín af eigin raun, óháð því hvort þeir komi til þings eður ei, án þess að þurfa að þola óþarfa takmarkanir. Einber möguleikinn á því að fulltrúar almennings líti inn til að fylgjast með þinghaldi á að brýna dómssvaldið til að fara „einungis eftir lögnum“ í embættisverkum sínum, sbr. 61. gr. stjkskr.

Undantekningum frá meginreglunni er einkum beitt til að vernda friðhelgi einkalífs eða öryggi málsaðila. Þær helgast jafnframt af rannsóknarhagsmunum, allsherjarreglu og opinberum öryggishagsmunum. Undantekningarreglurnar ber að túlka þröngt og ávallt vega á móti mikilvægum hagsmunum almennings af óskertum aðgangi að þinghöldum. Hætt er við að slíkt hagsmunamat dómara yrði skakkt tæki hann eingöngu mið af hugmyndum um einhvers konar fyrirmyndarréttarríki þar sem dómstólar þyrftu ekkert aðhald frá almenningi. Skýtur skökku við ef persónuvernd fær stöðugt meira vægi í starfsemi dómstóla á kostnað almennaréttar en sífellt minna í opinberu rými með tilkomu netsins.¹³¹ Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, rafræns samskiptamiðils sem fólk um allan heim hleður inn á

¹³¹ Sbr. Beverley McLachlin, „Openness and the rule of law“ (fyrirlestur við Annual International Rule of Law Lecture, 8. janúar 2014) 13 <http://www.barcouncil.org.uk/media/270848/jan_8_2014_-_12_pt._rule_of_law_-_annual_international_rule_of_law_lecture.pdf> skoðað 21. apríl 2015.

persónulegum upplýsingum um sig, segir að einkalíf sé ekki lengur „almenn regla“ (e. *social norm*).¹³²

Íslendingar eru þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi og hafa skuldbundið sig til að virða mannréttindi samkvæmt alþjóðlegum samningum. Við búum í sífelldu minnkandi heimi. Lokun þinghalda hér af litlu tilefni gæti talist fordæmi í ríkjum þar sem það ætti ekki við. Þá er hvorki sanngjarnt né réttlátt ef ríki gerir minni kröfur til sjálfs sín en það til dæmis gerir til þróunarríkja.¹³³

Alþingi tók sjónvarps- og tölvutæknina í sína þjónustu til að almenningur fengi aukna aðkomu að störfum þingsins. Í löndum í kringum okkur, sem halda í heiðri sömu meginreglur í réttarframkvæmd og við, hafa dómstólar gert slíkt hið sama þegar mikið liggur við. Nægir að nefna réttarhöld yfir fjöldamorðingjanum norska Breivik og banamanni sænska utanríkisráðherrans Önnu Lindh en dæmin eru fleiri. Þannig hefur verið leitast við að mæta lýðræðiskröfunni um aðgang að dómstólum þegar sýnt þykir að dómsalir rúmi þá ekki með góðu móti sem vilja fylgjast með. Ætla má að þróunin haldi áfram á þessari braut eftir því sem verður einfaldara og ódýrara að senda út frá réttarhöldum og þannig miðla því til alls almennings sem þar fer fram. Ekkert mælir með því að íslenska þjóðin verði eftirbátur nágranna sinna í þessu tilliti. Við útsendingar af þessu tagi ynnist tvennt, borgararnir gætu betur en áður haft auga með dómsvaldinu og dómsvaldið þyrfti ekki í sama mæli og nú að reiða sig á fjölmiðla við að túlka störf þess fyrir almenning.

Skammt er síðan kæruehimild kom í lögum um meðferð sakamála vegna ákvörðunar dómara um að loka þinghöldum. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið gæti verið æskilegt, *de lege ferenda*, að breyta lögum um meðferð einkamála til samræmis. Einkamál, sem lögð eru fyrir opinbera dómstóla, eru, ef svo má að orði komast, ekki einkamál í þeim skilningi að þau eigi að vera undanþegin reglum um opinbera málsmeðferð. Hafa ber í huga að einkaréttarlegan ágreining má útkljá í gerðardómi.¹³⁴ Þá hefur almenningur ekki meiri innsýn en aðilar kæra sig um.

Eins og fram kemur í 3. kafla var kæruehimildin ekki einskorðuð við þá sem hagsmunir hafa af málsúrslitum. Á það atriði reyndi fyrst í fréttamansdóminum þegar Hæstiréttur tók til

¹³² „The people’s panopticon” (2013) *The Economist* (San Fransisco 16. nóvember 2013) <<http://www.economist.com/news/briefing/21589863-it-getting-ever-easier-record-anything-or-everything-you-see-opens>> skoðað 11. maí 2015.

¹³³ Sbr. umfjöllun um stjórnfestu í Ragnar Aðalsteinsson, „.....einungis eftir lögunum“ (2000) 53 (4) *Úlfjótur* 569, 588.

¹³⁴ Alþt. 1994–1995, A-deild, þskj. 389 – 297. mál, athugasemdir við 8. gr., mgr. 1.

efnislegrar meðferðar slíka kröfu fréttamanns sem vildi starfs síns vegna fylgjast með réttarhöldum. Virðist mega slá því föstu út frá dómaframkvæmd þá og síðan að frétttaflutningi af dómsmálum hefur verið gefið vægi umfram almenna hagsmuni af því að fylgjast með réttarhöldum. Starfandi fréttamenn standi að þessu leyti framar almennum borgurum.

Talið er að auk aðildarhæfis þurfi skilyrði ólögfestrar meginreglu um lögverndaða hagsmuni af úrlausn álitaefnis að vera uppfyllt. Inntak *actio popularis* reglunnar um að hver eigi sök sem vill hafi ekki verið innleidd í íslenskt réttarfar. Því geti fréttamenn vegna sérstöðu sinnar, sbr. meðal annars 4. kafla, krafist úrskurðar og skotið honum til æðra dóms þótt almennir borgarar geti það ekki, jafnvel þótt þeir tengjast samtökum sem láta sig varða úrlausnarefni dómsins.

Hvorugt er óumdeilt eða óumdeilanlegt og er ekki loku fyrir það skotið að MDE túlkaði hið síðarnefnda með rýmri hætti en Hæstiréttur gerði í vændiskaupamálanum fyrri, yrði slíkt mál borið undir dómstólinn.

VIÐAUKI

KÆRA til Hæstaréttar Íslands

Hér með tilkynnist, að undirritaður lögmaður, Jón Einar Jakobsson, hdl., Aðalstræti 9, Reykjavík, kærir f.h. Þórs Jónssonar, kt. 150864-2759, fréttamanns, til heimilis að Krókamýri 78, 210 Garðabæ, til Hæstaréttar Íslands úrskurð Héraðsdóms Reykjaness, sem kveðinn var upp í dag, h. 8. nóvember 2000 í málinu nr. S-1841/2000

Ákærvaldið gegn [X].¹³⁵

Úrskurðarorð hins tilgreinda úrskurðar er svofellt:

“Þinghöld í ákærumálinu nr. S-1841/2000: Ákærvaldið gegn [X] skulu fara fram fyrir luktum dyrum með vísan til b. liðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991.”

Kærandi kemur að málinu í krafti 141 gr. opl. nr. 19/1991 in fine vegna dómsathafnar, sem varðar hann, en kærheimild er sótt í 142. gr. sömu laga, sbr. 32. gr. laga nr. 36/1999.

Lagt er fram fskj. nr. 1 kærufirlýsing dags. 5. nóv. 2000.

Tilgangur kæru og krafa kæranda er að fá endurskoðun Hæstaréttar á tilgreindum úrskurði, þannig að þinghöld í málinu fari framvegis fram í heyranda hljóði, en **til vara**, að svo verði um þá þætti málsins, sem ekki varða beinlínis nauðgunarákæru. Ennfremur krefst kærandi kærumsálskostnaðar sér til handa að mati réttarins.

Ástæður, sem kæra er reist á:

Málsatvikum er að mestu lýst í hinum kærða úrskurði. Kærandi er ólöglerður, en var staddur vegna atvinnu sinnar sem fréttamaður sjónvarpsstöðvarinnar Stöð 2 við þinghald í málinu 3. 11. 2000, er honum var vísað út ásamt starfsfélögum sínum vegna ákvörðunar héraðsdóms um að loka þinghöldum í málinu. Strax sama dag ritaði hann héraðsdómi bréf, þar sem hann kvaðst ekki fella sig við þá ákvörðun og óskaði eftir rökstuddum úrskurði um hana (dskj. nr. 21). Með kærubréfi dags. 5. nóv. 2000, en afhentu héraðsdómi kl. 9:40 hinn 6. nóv. 2000 kærði hann þessa ákvörðun til Hæstaréttar (fskj. nr. 1). Segir þar m.a. eftirfarandi:

¹³⁵ Nafn ákærða hefur verið felld út úr viðaukanum, sem er að öðru leyti fullkomið samrit kærunnar.

“Dómsformaður skýrði undirrituðum kæranda svo frá við þinghald 3. nóv., að kæruehimild væri ekki fyrir hendi. Kærandi telur því, að hann hafi fengið rangar og ófullnægjandi leiðbeiningar um kæruehimildir og kærufrest, sbr. 144. gr. opl. nr. 19/1999. Kæranda hefur verið tjáð, að héraðsdómur hyggist kveða upp rökstuddan úrskurð um málsefnið eftir fyrri kröfu kæranda í bréfi til dómstólsins dags. 3. nóv.

En þar sem kæranda er nú orðið kunnugt um, að frestur á að lýsa kæru til Hæstaréttar er aðeins 3 sólarhringar, sbr. 2. mgr. 144. gr. opl., telur hann nauðsynlegt að koma þessari kærufyrirlýsingu að við dóminn nú þegar, svo að komið verði í veg fyrir, að hún verði talin of seint fram komin.”

Er hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í þinghaldi í héraðsdómi í morgun var því lýst yfir af hálfu lögmanns kæranda, að úrskurður þessi yrði kærður til Hæstaréttar, en að hann teldi jafnframt óþarft að kæra ákvörðun dómstólsins frá 3. nóvember, þar sem úrskurður væri að efni til samhljóða þeirri ákvörðun.

Kærandi rökstyður kröfu sína með vísan til 1. mgr. 8. gr. opl. nr. 19/1999, þess efnis, að meginregla íslenzks réttar sé sú, að réttarhöld séu háð í heyranda hljóði. Þetta fái einnig stoð í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995 og 1. mgr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Einnig í viðurkenndum og grónum lýðræðishefðum um óheftan fréttaplutning af vettvangi dómsmála.

Kærandi telur mikilsvert, að fjölmiðlar fylgist svo sem kostur er með svo viðamiklu og alvarlegu dómsmáli, sem hér er um að tefla, og að þeir fái þannig sinnt því mikilvæga hlutverki sínu að upplýsa almenning um meðferð þess og framgang. Að öðrum kosti kynni það að valda skerðingu á réttaröryggi og koma í veg fyrir, að tilgangi og markmiðum refsilöggjafar séð náð, m.a. um varnaðaráhrif. Kærandi telur jafnframt, að svo megi haga málum, til hlífðar brotaþola, að viðkvæmum atvikum vegna nauðgunarákæru megi halda utan við önnur málsefni, sé vilji fyrir hendi.

Kærandi viðurkennir, að íslenzkur réttur geri ráð fyrir ýmsum undantekningum á meginreglunni um opin réttarhöld, en með hliðsjón af ríkum hagsmunum almennings af að fylgjast með opinberum réttarhöldum getur kærandi ekki fallizt á, að nokkurt óhagræði við málsmeðferð og önnur rök héraðsdóms vegi þyngra. Hann telur því skýlaust, að héraðsdómur hafi gengið of langt með því að banna allan aðgang að réttarhöldum. Annað sé ósannað og amk. megi fara vægar í sakirnar m.a. með beitingu annarra réttarúrræða, svo sem fréttabanni af viðkvæmstu þáttum málsins.

Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna fyrir héraðsdómi og áskilinn réttur til að leggja fram athugasemdir eða greinargerð fyrir Hæstarétt sbr. 145. og 146. gr. laga nr. 19/1991, svo og ný skjöl ef tilefni gefst.

Reykjavík, 8. 11. 2000

Jón Einar Jakobsson hdl.

Til Héraðsdóms Reykjaness

HEIMILDASKRÁ

-- *Brennu-Njáls saga*. (Íslensk fornrit XII, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Hið íslenska fornritafélag 1965)

-- „The people’s panopticon” (2013) *The Economist* (San Fransisco 16. nóvember 2013)
<<http://www.economist.com/news/briefing/21589863-it-getting-ever-easier-record-anything-or-everything-you-see-opens>> skoðað 11. maí 2015

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan CODEX 2008)

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga* (Sögufélag 1991)

Blaðamannafélag Íslands, „Siðareglur Blaðamannafélags Íslands: Samþykkt með síðustu breytingum á aðalafundi BÍ 1991“ (2004) 26 (4) *Blaðamaðurinn*

Christensen JP, „Mundtlighed i retsplejen for Højesteret“ (2014) *UfR Online*
<<http://www.hoejesteret.dk/om/artikler/Documents/Mundtlighed%20i%20retsplejen%20for%20H%C3%B8jesteret%20-%20UfR-artikel%2023%20maj%202014.pdf>> skoðað 21. apríl 2015

Cobb S, „Where there is no publicity there is no justice?” (2010) 44 *Barrister Magazine*
<<http://www.barristermagazine.com/archive-articles/issue-44/where-there-is-no-publicity-there-is-no-justice.html>> skoðað 2. febrúar 2015

Edelstam H, *Offentlighet och sekretess i rättegång: Principen om förhandlingsoffentlighet* (Norstedts Juridik AB 2001)

Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal, *Réttarfar II. hefti: Meginreglur um meðferð einkamála* (Reykjavík 1968–1969)

Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005)

-- *Meginreglur sakamálaréttarfars* (2. útg., Úlfjótur 2010)

-- *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi* (Bókaútgáfa Orators 1999)

- „Réttur manna til að vera viðstaddur þinghöld er ekki afdráttarlaus“ (2010) 63 (2) Úlfjótur
- „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“ í Garðar Gíslason o.fl. (ritstj.), *Líndæla* (Hið íslenska bókmenntafélag 2001)
- Friðgeir Björnsson (ritstj.), „Opinber málsmeðferð“ (2001) 51 (2) Tímarit lögfræðinga
- Garðar Gíslason, *Eru lög nauðsynleg?* (Bókaútgáfa Orators 1991)
- Guðrún Pétursdóttir (ritstj.), *Þjóð til þings: Skýrsla stjórnlaganefndar 2011* (2. b., Stjórnlaganefnd 2011)
- Hrafn Bragason, „Dómstólar og fjölmiðlar“ (1980) 30 (4) Tímarit lögfræðinga
- Jón Þór Ólason, „Dómstóll götunnar: Gapastokkur nútímans“ (2004) 57 (3) Úlfjótur
- Jónas Margeir Ingólfsson, „Kýtt um réttarfar í máli níumeninganna í héraði“ *Morgunblaðið* (Reykjavík, 18. ágúst 2010)
- Lindencrone L og Werlauff E, *Dansk retspleje* (5. útg., Karnov Group 2011)
- Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar* (2. útg., Háskólinn í Reykjavík 2003)
- McLachlin B, „Openness and the rule of law“ (fyrirlestur við Annual International Rule of Law Lecture, 8. janúar 2014) <http://www.barcouncil.org.uk/media/270848/jan_8__2014_-_12_pt.__rule_of_law_-_annual_international_rule_of_law_lecture.pdf> skoðað 21. apríl 2015
- Ólafur Jóhannesson, *Stjórnskipun Íslands* (Hlaðbúð 1960)
- Ólafur Lárusson, *Yfirlit yfir íslenska rjettarsögu* (Reykjavík 1932)
- Páll Hreinsson, *Stjórnsýsluréttur: Málsmeðferð* (Bókaútgáfan CODEX 2013)
- Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Bókaútgáfan CODEX : Lagastofnun Háskóla Íslands 2008)
- Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur* (Háskólaútgáfan 1997)

Páll Þórhallsson, „Tjáningarfrelsi“ í Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005)

Ragna Árnadóttir, „Skipun dómara og nýtt frumvarp þess efnis“ (erindi á hátíðarmálþingi Orators 16. febrúar 2010) <http://www.innanrikisraduneyti.is/radherra/raedur_ragna/nr/6990> skoðað 14. maí 2015

Ragnar Aðalsteinsson, „Dómþing í heyranda hljóði: Um mál mótmælenda og vændiskaupenda“ (2010) 63 (2) Úlfjótur

– – „...„einungis eftir lögunum““ (2000) 53 (4) Úlfjótur

Ramberg A, „Offentligare rättegångar?“ (2004) Advokaten (2)
<<https://www.advokatsamfundet.se/Advokaten/Tidningsnummer/2004/Nr-2-2004-Argang-70/Offentligare-rattegangar/>> skoðað 10. maí 2015

Róbert R. Spanó, *Túlkun lagaákvæða* (Bókaútgáfan CODEX 2007)

Sigurður Líndal, „Stjórnskipulegt vald dómstólanna“ (1993) 43 (2) Tímarit lögfræðinga

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, „Nokkur þekkt handrit á Árnastofnun“ (Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum)
<http://www.arnastofnun.is/page/theekkt_handrit> skoðað 1. maí 2015

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Fjölmiðlar og ungir afbrotamenn í ljósi stimplunarkenninga afbrotafræðinnar“ í Ragnheiður Bragadóttir o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit – Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007* (Bókaútgáfan CODEX 2007)

Særún María Gunnarsdóttir, „Aðild að málum sem varða umhverfið“ (2005) 58 (2) Úlfjótur

Tamm D og Vogt H, *Dansk retshistorie og vestlig forfatningsudvikling* (Jurist- og Økonomforbundets Forlag A/S 2009)

Þór Vilhjálmsson, „Lagastörf og fjölmiðlar“ (1980) 30 (4) Tímarit lögfræðinga

ⁱ Lord Atkin sagði að réttvísinn leitaði sér ekki skjóls heldur væri ofurseld rannsókn og berorðum en þó kurteisum athugasemdum almennra borgara.